



Leiðbeiningar um notkun Skráargatsins á matvæli

Mars 2021



Efnisyfirlit

1. Inngangur, bakgrunnur, markmið og fleira	2
1.1. Inngangur	2
1.2. Önnur löggjöf	3
1.3. Markmið með Skráargatinu	3
2. Gildissvið og skilgreiningar	3
2.1. Gildissvið skráargatsreglugerðarinnar	3
2.2. Skilgreiningar	3
2.2.1. Skilgreiningar úr reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda	5
2.2.2. Skilgreiningar úr hollustuháttareglugerðum	6
2.2.3. Aðrar skilgreiningar	6
2.2.4. Heilkorn (heiljalað korn)	7
3. Almenn um Skrárgatið	10
3.1. Útlit skrárgatsins	10
3.2. Sætuefni, plöntustærólar o.fl.	11
3.3. Matur ætlaður ungabörnum og smábörnum	12
3.4. Almenn um skilyrði fyrir notkun Skráargatsins	12
4. Skrárgatið á matvæli sem eru ekki forpökkuð	13
4.1. Notkun Skráargatsins við markaðssetningu á matvælum sem eru ekki forpökkuð	13
5. Gildistaka og viðurlög	14
5.1. Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða	14
6. Rétt notkun Skráargatsins við merkingar	14
6.1. Fyrirtæki bera ábyrgð á réttri merkingu og markaðssetningu	14
6.2. Skrárgatið á veggspjöldum, í hillumerkingum og á annan hátt	15
6.3. Staðsetning Skráargatsins inni í og utan við verslanir	15
7. Næringaryfirlýsing	16
7.1. Næringaryfirlýsing á forpökkuðum matvælum	16
7.2. Hvernig á næringaryfirlýsing að vera?	17
7.3. Vikmörk	18
8. Matvælaflokkar í viðauka II við reglugerðina	18
8.1. Matvælaflokkarnir	18
9. Vörur sem má ekki merkja með Skráargatinu	44
9.1. Dæmi um vörur, sem má ekki merkja með Skráargatinu	44
10. Matvælaeftirlit	45
10.1. Heilbrigðiseftirlit sveitafélaga	45
Viðauki 1	47
Viðauki 2	50

1. Inngangur, bakgrunnur, markmið og fleira

1.1. Inngangur

Fyrsta íslenska reglugerðin um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla tók gildi 12. nóvember 2013. Þá opnaðist möguleiki á að nota Skráargatið í merkingu forpakkaðra matvæla og við markaðssetningu nokkurra matvælaflokka sem er ekki forpakkað.

Síðan hefur reglugerðin verið uppfærð þrisvar og núgildandi reglugerð um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla (hér eftir nefnd skráargatsreglugerðin) er nr. 333/2021¹⁾ og gildir hún bæði um forpökkuð matvæli og matvæli sem eru ekki forpökkuð fyrir þá matvælaflokka sem reglugerðin nær til.

Ekki eru til samevrópskar reglur um notkun Skráargatsins við merkingu matvæla heldur er hér eingöngu um að ræða reglugerðir sem hvert land setur fyrir sig og byggist á samstarfi milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Reglugerðir framangreindra landa um Skráargatið eru að stórum hluta eins hvað varðar forpökkuð matvæli en eru ólíkar hvað varðar upplýsingar um magn næringarefna matvæla sem eru ekki forpökkuð. Norræna samstarfið hefur mikla kosti fyrir neytendur, matvælaíðnaðinn og verslunina. Margar keðjur matvöruverslana og framleiðenda eru staðsettar í fleiri en einu norrænu landi og verslun milli landanna er algeng

Skilyrðin fyrir notkun Skráargatsins byggja á Norrænum næringarráðleggingum (NNR 2012).

Í NNR 2012 er lögð áhersla á matvæli sem geta dregið úr líkum á mörgum lanvinnum sjúkdómum, einkum hjarta- og æðasjúkdómum, ákveðnum tegundum af krabbameini, sykursýki tegund 2, beinþynningu og offitu. Mælt er með að stilla í hóf neyslu á viðbættum sykurttegundum, mettuðum fitusýrum, transfitusýrum og salti, en að auka neyslu á trefjum. Auk þess er mælt með að neyta fjölbreyttrar fæðu með áherslu á grænmeti, ávexti, ber, hnetur, belgjurtir, grófar kornvörur (heilkorni) og fisk, en takmarka neyslu á unnu kjöti, rauðu kjöti, salti og sykri.

Skráargatsmerkingin er í stöðugri endurskoðun. Mikilvægt er að skilyrði fyrir notkun Skráargatsins séu ákvörðuð og sett fram á þann veg að þau hvetji til vöruþróunar. Matvælaflokkarnir og skilyrðin fyrir skráargatsmerkingunni verða endurskoðuð eftir því sem þekking og/eða breytingar á matvælamarkaði gefa tilefni til. Sífelld endurskoðun er mikilvæg til að tryggja að Skráargatið fylgi þróun matvælaframleiðslu og aukinnar þekkingar og nýtist bæði nú og í framtíðinni við að hjálpa neytendum við val á hollari matvælum.

Mat á þörf fyrir endurskoðun skráargatsmerkingarinnar er í höndum vinnunefndar sem skipuð er af matvælastofnunum Íslands (Matvælastofnun), Danmerkur (Födevarestyrelsen), Noregs, (Mattilsynet) og Svíþjóðar (Livsmedelsverket). Litháen og Makedonia nota líka skráargatsmerkinguna en taka ekki þátt í vinnuhópnum.

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar sem viðbót við reglugerðina um notkun Skráargatsins. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa birt sambærilegar leiðbeiningar út frá þeirra reglugerðum. Leiðbeiningarnar eru þó ekki allar eins uppbyggðar en túlkunin er sú sama og lögð er áhersla á að ekki verði ágreiningur um túlkunina milli landa. Leiðbeiningarnar hafa ekkert lagalegt gildi. Ef breytingar verða á túlkun munu leiðbeiningarnar verða uppfærðar eftir þörfum.

Frekari upplýsingar um Skráargatið má finna á:

- <https://www.mast.is/is/matvaelafyrirtaeki/merkingar/skraargatid>
- www.noeglehullet.dk
- www.slv.se
- www.mattilsynet.no
- www.helsenorge.no

1.2. Önnur löggjöf

Skráargatið er skilgreint sem næringarfullyrðing. Við mótnun fyrirkomulags merkingarinnar er því tekið mið af **reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli**. Sú reglugerð tók gildi á Íslandi 2010 með reglugerð nr. 406/2010 (hér eftir nefnd fullyrðingareglugerðin²⁾). Auk þess eru drög að reglugerðinni tilkynnt til framkvæmdastjórnar EB til samræmis við fullyrðingareglugerðina.

Í fullyrðingareglugerðinni koma fram ýmis leyfileg næringarviðmið. Enn er verið að móta þessi viðmið og Skrárgatsreglugerðin gæti því breyst eftir því sem ný viðmið bætast við eða öðrum er breytt.

Ákvæði gildandi matvælalöggjafar skulu ætíð uppfyllt við framleiðslu og markaðssetningu matvæla. Skrárgatsreglugerðin hefur hvorki takmarkandi né útvíkkandi áhrif á aðra löggjöf.

1.3. Markmið með Skrárgatinu

Markmiðið með Skrárgatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru. Skrárgatinu er ætlað að aðstoða neytendur að velja, við innkaup, hollari valkosti af sambærilegri vöru, þ.e. vöru sem inniheldur betri eða minna af fitu, minna af salti og sykri og meira af trefjum og heilkorni.

Heimilt er að nota Skráargatið á vörur í þeim matvælaflokkum sem fram koma í viðauka II við reglugerðina. Í kafla 8 í leiðbeiningunum koma fram þau skilyrði sem þarf að uppfylla í hverjum matvælaflokki.

Annað markmið með Skrárgatinu er að hvetja matvælaframleiðendur til að þróa hollari vörur.

2. Gildissvið og skilgreiningar

2.1. Gildissvið skrárgatsreglugerðarinnar

1. grein - Reglugerðin gildir um valfrjálsa merkingu og markaðssetningu með Skrárgatinu. Skráargatið byggir á næringarviðmiðum um innihald fitu, sykurtegunda, trefja og salts í matvælum í þeim matvælaflokkum sem eru í viðauka II.

Skráargatið er valfrjáls merking. Matvælaframleiðendum, innflytjendum, smávörusöluverslunum og öðrum sem stunda framleiðslu og dreifingu matvæla er heimilt að nota Skráargatið að því gefnu að skilyrði reglugerðarinnar séu uppfyllt.

Notkunin er gjaldfrjáls bæði við markaðssetningu á forpökkuðum vörum og þeim vörum sem eru ekki forpakkaðar. Fyrirtækið skal þó ganga úr skugga um að skilyrði fyrir viðkomandi matvælaflokka og önnur skilyrði skrárgatsreglugerðarinnar séu uppfyllt.

2.2. Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir:

Fita eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Fita og fitublöndur til matargerðar eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir skv. 78. gr. í VII. viðauka um smyrjanlega fitu og samsvarandi vörur*.

Forpökkuð matvæli eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Glútenlaust eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014 frá 30. júlí 2014 um kröfur um miðlun upplýsinga til neytenda um að matvæli séu glútenlaus eða glútenskert.

Heilkorn er í reglugerð þessari allur frækjarni korns eða korntegunda (fræhvíta, kím og klíð). Frækjarninn má vera brotinn, malaður eða álíka en hlutarnir verða að vera í sömu hlutföllum og heili frækjarninn að því er varðar viðkomandi korntegundir. Heilkornaskilgreiningin nær yfir korntegundirnar hveiti, spelt, rúg, hafra, bygg, maís, hrísgrjón, hirsí, dúrru og aðrar Sorghum-tegundir.

Kjöt eins og skilgreint er í f-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Lagarafurðir, tilreiddar lagarafurðir og lifandi samlokur eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

Mettaðar fitusýrur eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Nýfæði eða ný innihaldsefni matvæla með sætueiginleika eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði.

Plöntusteról, plöntusterólesterar, plöntustanól eða plöntustanólesterar eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Salt eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Sykurtegundir eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Transfitusýrur eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Trefjar eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Viðbætt bragð er í reglugerð þessari viðbætt krydd ásamt bragðefnum eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli.

Viðbættar sykurtegundir eru í reglugerð þessari allar ein- og tvísykrur sem er bætt í við framleiðslu matvæla. Sykurtegundir sem finnast náttúrulega í hunangi, sírópi, ávaxtasafa, ávaxtasaft og ávaxtaþykkni eru einnig meðtaldar.

Vinnsla og óunnar afurðir eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

*Reglugerðin hefur ekki verið tekin inn í EES samninginn en skilgreininguna er að finna hér

Framangreint eru skilgreiningar á mikilvægum hugtökum sem tengjast skráargatsreglugerðinni.

2.2.1. Skilgreiningar úr reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Um skilgreiningu á fitu, mettuðum fitusýrum, transfitusýrum, salti, sykurtegundum, trefjum, forpökkuðum matvælum, næringaryfirlýsingu og kjöti fer samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda³. Reglugerð þessi var innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga til neytenda

„**Forpökkuð matvæli**“ eru skilgreind sem stök vara sem er kynnt sem slík til lokaneytenda og stóreldhúsa og samanstendur af matvælum og þeim umbúðum sem þau voru sett í áður en þau voru boðin til sölu, hvort sem slíkar umbúðir umlykja matvælin algerlega eða einungis að hluta til, en alltaf þannig að ekki sé hægt að breyta innihaldinu án þess að opna eða breyta umbúðunum; hugtakið „forpökkuð matvæli“ nær ekki til matvæla sem er pakkað í umbúðir á sölustað að beiðni neytandans eða eru forpökkuð til beinnar sölu (reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda e) lið 2. tölulið 2 gr.).

Með „**næringaryfirlýsingu**“ er átt við upplýsingar um

- a) orkugildið eða
- b) orkugildið ásamt magni

- fitu
- mettaðrar fitu
- kolvetna
- sykurtegunda
- próteins
- salts

Einnig má bæta við upplýsingum á magni eins eða fleiri eftirfarandi efna:

- einómettaðra fitusýra
- fjölómettaðra fitusýra
- fjölalkahóla
- sterkju
- trefja
- þeirra vítamína eða steinefna sem skráð eru í 1. lið A. hluta XIII. viðauka sem koma fyrir í marktæku magni, eins og skilgreint er í 2. lið A-hluta XIII. viðauka.

Kjöt er skilgreint sem ætur hluti þeirra dýra sem talin eru upp í viðauka 1 við þessar leiðbeiningar. Blóð sömu dýra fellur einnig undir skilgreiningu á kjöti. Vísað er til f-liðs 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (innleidd með reglugerð 1294/2014). En þar er vísað til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (innleidd með reglugerð nr. 104/2010). Miða skal við þá skilgreiningu þegar matvæli eru flokkuð í matvælaflokkana sem fram koma í viðauka II við skrárgatsreglugerðina. Skilgreiningin nær einnig yfir kjöt sem er bútað niður í vél.

Bent er á að við merkingu matvæla skal þó nota þá skilgreiningu á kjöti sem fram kemur í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, viðauka VII, B-hluta 17. tölulið.

2.2.2. Skilgreiningar úr hollustuháttareglugerðum

„**Unnar afurðir**“ eru skilgreindar sem matvæli sem fást við vinnslu óunninna afurða. Í þessum afurðum kunna að vera innihaldsefni sem er nauðsynlegt að nota við framleiðslu þeirra eða til að gefa þeim sérstaka eiginleika. „Vinnsla“ er skilgreind sem hvers kyns aðgerð sem hefur í för með sér umtalsverða breytingu á upphaflegu afurðinni, þ.m.t. hitun, reyking, söltun, þroskun, þurrkun, kryddlagning, útdráttur eða þrýstimótun eða samsetning þessara aðgerða sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 852/2004.

„**Lagarafurðir**“ eru skilgreindar sem öll sjávar- og ferskvatnsdýr (nema lifandi samlokur, lifandi skrápdýr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsniglar og öll spendýr, skriðdýr og froskar), bæði villt og alin og öll æt form, hlutar og afurðir slíkra dýra, samanber reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 853/2004⁵⁾.

„**Tilreiddar lagarafurðir**“ eru skilgreindar sem óunnar lagarafurðir sem eru ekki lengur í heilu lagi en hafa t.d. verið slægðar, hausaðar, sneiddar, flakaðar eða saxaðar, samanber reglugerð nr. 104/2010⁵⁾.

„**Lifandi samlokur**“ eru skilgreindar sem blaðtálkna lindýr sem taka til sín fæðu með því að sía hana. samanber reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 853/2004 (innleidd með reglugerð 104/2010⁵⁾.

2.2.3. Aðrar skilgreiningar

„**Fita og fitublöndur til matargerðar**“ eru skilgreindar eins og segir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegan markað fyrir landbúnaðarafurðir, samanber 78. gr. og viðauka VII um smyrjanlega fitu og sambærilegar vörur.

Þarna undir falla smyrjanlegar vörur sem eru harðar við 20°C. Gerðar eru ákveðnar kröfur (um tegund og magn fitu og annarra innihaldsefna) sem eru breytilegar eftir tegundum: smjör, smjörlíki, fitublöndur, smyrjanlegar vörur úr mjólkurfitu, jurtasmjörlíki o.s.frv. og þær geta fallið undir skilgreininguna fituskertar eða léttar.

Vörur sem falla undir matvælaflokk 19 í viðauka II í skráargatsreglugerðinni skulu uppfylla framangreinda skilgreiningu.

„**Viðbætt bragð**“ er skilgreint í skráargatsreglugerðinni sem viðbætt krydd ásamt bragðefnum og öðrum innihaldsefnum með bragðgefandi eiginleika eins og segir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1334/2008 (innleidd með reglugerð 187/2015).

Sjá fleiri skilgreiningar í viðauka 1 við þessar leiðbeiningar.

2.2.4. Þurrkað, konsentrerað grænmeti, belgjurtir, ávextir og ber

Í sumum matvælaflokkum eru ákveðin skilyrði fyrir hversu mikið afurð skal innihalda af grænmeti, belgjurtum, ávöxtum og berjum. Ef þessi innihaldsefni eru notuð sem þurrkuð, konsentrerað eða niðurlögð/niðursoðin skal hlutur þeirra í lokaafurðinni reiknast út frá tilsvarendi magni af ferskri vöru. Upplýsingar um meðalgildi vatnsinnihalds í þurrkaðri vöru bæði eftir þurrkun og í fersku formi skal byggja á greiningu vörunnar, útreikningum út frá þekktum gildum eða raunverulegum meðalgildum fyrir innihaldsefnin eða útreikningi út frá almennt staðfestum og viðurkenndum gögnum t.d. opinberum næringarefnaöflum.

Dæmi um útreikning frá þurrvigt yfir í þyngd vöru sem er tilbúin til neyslu:

Notuð eru 20 kg af þurrkuðum linsum í vöru. Skv. töflugildum innihalda þurrkaða linsur 11% vatn og þær sem eru tilbúnar til neyslu 64% vatn.

Reiknistuðull: Þurrefnisinnihald þurrkaðra linsa/þurrefnisinnihald linsa sem eru tilbúnar til neyslu: $(100-11)/(100-64) = 2,5$

Magn af linsum sem miða skal við þegar metið er hvort varan uppfyllir skilyrði: $2,5 \times 20 \text{ kg} = 50 \text{ kg}$

20 kg af þurrkuðum linsum svarar því til 50 kg af linsum sem er tilbúnar til neyslu og miða skal við það magn við mat á því hvort skilyrði séu uppfyllt.

2.2.5. Heilkorn

„**Heilkorn**“ er skilgreint sem allur frækjarni korns eða korntegunda (fræhvíta, kím og klíð). Frækjarninn má vera brotinn, malaður eða álíka en hlutarnir verða að vera í sömu hlutföllum og heili frækjarninn að því er varðar viðkomandi korntegundir.

Heimilt er að fræhvítan, klíð og kím sé aðskilið við mölun, en skal þá eftir mölun blandað saman við í sömu hlutföllum og eru í upphaflega korninu.

Heilkornaskilgreiningin nær yfir hveiti, spelt, rúg, hafra, bygg, maís, hrísgrjón, hirsí og dúrrutegundir.

Til dæmis falla villtur hrís (wilde rice) og kínóa ekki undir þessa skilgreiningu.

Við hreinsun á korni og yfirborði þess í myllunum getur hluti af ysta laginu verið fjarlæggt. Þess vegna er tekið gilt að við afhýðingu á korninu sé allt að 2% af korninu eða 10% af klíðinu fjarlæggt við vinnsluna, að því gefnu að vinnsluferillinn sem orsakar framangreint sé gerður í öryggis- eða gæðatilgangi.

Sett eru skilyrði um lágmarksmagn heilkorns í mörgum af matvælaflokkunum. Hlutur heilkorns skal reiknaður eftir því um hvaða matvælaflokk er að ræða annað hvort út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar eða kornhlutans.

Hlutur þurrefnis í innihaldsefni reiknað í prósentum er: $100\% - \% \text{ vatnsinnihalds}$. Innihald af þurrefni skal vera meðalgildi sem byggir á greiningu vörunnar, útreikningum út frá þekktum gildum eða raunverulegum meðalgildum fyrir innihaldsefnin eða útreikningi út frá almennt staðfestum og viðurkenndum gögnum t.d. opinberum næringarefnatöflum.

Vatnsinnihald í kornvörum er iðulega um 15%. Ef um er að ræða heilkorn er hægt í útreikningum annað hvort að ganga út frá að þurrefni sé 85% eða nota raunverulegt þurrefnisinnihald innihaldsefnisins.

Fyrir önnur innihaldsefni en mjöl og kornvörur gildir eftirfarandi:

- Innihaldsefni með þurrefnisinnihald 85% eða meira: Heimilt er í útreikningum að ganga út frá 85% þurrefnisinnihaldi eða raunverulegu þurrefnisinnihald. Þetta á t.d. við um sykurlu og salt.
- Innihaldsefni með minna en 85% þurrefnisinnihald: Við útreikninga skal nota raunverulegt þurrefnisinnihald. Þetta á t.d. við um nýjar eða frosnar kartöflur, ávexti eða ber.

Við útreikninga á hlut heilkorns í þurrefnisinnihaldi vöru á ekki að reikna með hugsanlegu þurrefni í fljótandi innihaldsefnum eins og t.d. olíu, fljótandi geri, fljótandi malti, hunangi og sírópi.

Hér að neðan er almenn formúla þar sem 0,85 þurrefnisinnihald er notað fyrir heilkornsinnihaldsefni og önnur þurr innihaldsefni þar sem raunverulegt þurrefni er 0,85 eða meira. Ef raunverulegt þurrefnisinnihald er notað skal margfalda þunga hvers innihaldsefnis með þurrefnisinnihaldi viðkomandi innihaldsefnis.

$$HK(\%) = \frac{a \times 0,85}{(a + b) \times 0,85 + (c \times Pe)} \times 100$$

þar sem

HK (%) = % heilkorn reiknað út frá þurrefni vörunnar

a = þyngd heilkornsinnihaldsefna (sbr. skilgreiningu á heilkorni)

b = þyngd annarra innihaldsefna, þar sem þurrefnisinnihald er 85% eða meira (t.d. klíð, rúgsigtimjöl, hveiti, sykurl, salt o.s.frv.)

c = þyngd annarra innihaldsefna sem innihalda minna en 85% þurrefni. Margfalda skal hvert innihaldsefni „c“ með magni þurrefna í viðkomandi innihaldsefni

Pe = Þurrefni í viðkomandi innihaldsefnis

Dæmi um útreikning á hlut heilkorns miðað við þurrefnisinnihald vörunnar.

Dæmi 1: Blanda af korntegundum (matvælaflakkur 4)

Blanda af korntegundum inniheldur 75 kg af heilkorni og 25 kg af þurrkuðum rótarávöxtum. Hlutur rótarávaxta er ekki tekinn með í útreikninga á magni heilkorns í kornhlutanum sbr. lýsingu í matvælaflakki 4.

a=75 kg (heilkorn)

b=0

c=0

$$HK(\%) = \frac{75 \times 0,85}{(75 \times 85)} \times 100 = 100$$

HK(%) = 100%

Varan inniheldur 100% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.

Dæmi 2: Morgunkorn með linsum og berjum (matvælaflakkur 6)

Í morgunkorninu eru 42 kg af heilkorni, 25 kg af möluðum linsum, 18 kg af hveiti, 14 kg af þurrkuðum berjum og 1 kg af salti. Morgunkorn og músli á að innihalda a.m.k. 55% heilkorn sem reiknað er út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar. Hlutur belgjurta er ekki tekinn með í útreikninga á magni heilkorns í vörunni sbr. lýsingu í matvælaflokki 6.

a=42 kg (heilkorn)

b=33 kg (hveiti + þurrkuð ber + salt)

c=0

$$HK(\%) = \frac{42 \times 0,85}{(42 + 33) \times 0,85} \times 100 = 60$$

HK(%) = 60%

Varan inniheldur 60% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.

Dæmi 3: Brauð (matvælaflokkur 8)

Deig inniheldur 119 kg af heilkornainnihaldsefnum og 84 kg af öðrum innihaldsefnum (hveiti, sykur og salt) sem innihalda að lágmarki 85% þurrefni ásamt vatni.

a = 119 kg

b = 84 kg

c = 0

$$HK(\%) = \frac{119 \times 0,85}{(119 + 84) \times 0,85} \times 100 = 58,6$$

HK(%) = 59%

Varan inniheldur 59% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.

Dæmi 4: Brauð með kartöflum (matvælaflokkur 8)

Deig inniheldur 110 kg af heilkornainnihaldsefnum, 122 kg af öðrum þurrum innihaldsefnum (hveiti og salt) og 50 kg af soðnum kartöflum. Þurrefnisinnihald soðinna kartaflan er 24%.

a = 110 kg

b = 122 kg

c = 50 kg

$$HK(\%) = \frac{110 \times 0,85}{(110 + 122) \times 0,85 + (50 \times 24)} \times 100 = 45$$

HK(%) = 45%

Varan inniheldur 45% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.

Dæmi 5: Brauð með rótarávöxtum (matvælaflokkur 8)

Deig inniheldur 38 kg hveiti, 22 kg malað heilkorn, 25 kg róarávexti, 5 kg súrdeig, 5 kg af fræjum, 2,5 kg hveitiprótein, 2 kg olíu og 0,5 kg salt. Hlutur rótarávata er ekki tekinn með í útreikninga á magni heilkorns í vörunni sbr. lýsingu í matvælaflokki 8.

a = 22 kg

b = 46 kg (hveiti + fræ + hveitiprótein + salt)

c = 5 kg (súrdeig sem inniheldur 55% vatn, þ.e.þe 0,45)

$$HK(\%) = \frac{22 \times 0,85}{(22 + 46) \times 0,85 + (5 \times 0,45)} \times 100 = 31$$

HK(%) = 31%

Varan inniheldur 31% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.

Dæmi 6: Pasta úr korntegundum og belgjurtum (matvælaflokkur 10)

Pasta inniheldur 40 kg heilhveiti, 40 kg hveiti og 20 kg malaðar hvítar baunir. Hlutur belgjurta er ekki tekinn með í útreikninga á magni heilkorns í vörunni sbr. lýsingu í matvælaflokki 6.

a = 40 kg (heilhveiti úr heilmöluðu hveitikorni)

b = 40 kg (hveiti)

c = 0

$$HK(\%) = \frac{40 \times 0,85}{(40 + 40) \times 0,85} \times 100 = 50$$

HK(%) = 50%

Varan inniheldur 50% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.

3. Almennt um Skrárgatið

3.1. Útlit skrágatsins

3. grein Útlit Skráargatsins.

Grafísk hönnun Skráargatsins kemur fram í viðauka I. Skrárgatið skal prenta með grænum eða svörtum lit.

Skráargatið er jákvætt merki sem á grafískan hátt gefur til kynna næringareiginleika vara í ákveðnum matvælaflokkum. Eiginleikarnir eru metnir út frá innihaldi matvællanna af fituteigundum, sykurtiegundum, trefjum og salti.

Grafíska útlit Skráragatsins sem á að nota kemur fram í viðauka I í skráargatsreglugerðinni og einnig í viðauka 2 við þessar leiðbeiningar.

Heimilt er að nota skráargatið með öðrum merkingarformum t.d. heilkornamerkinu.

Skráargatsmerkið er skrásett vörumerki. Hægt er að lesa meira um hönnun merkisins, m.a. að ekki má setja aðrar upplýsingar á ákveðið svæði kringum merkið, á <https://www.mast.is/is/matvaelafyrirtaeki/merkingar/skraargatid>.

Skrárgatið skal prenta með grænum eða svörtum lit. Merkingin er sú sama hvort sem liturinn er grænn eða svartur.

Merkinu er hægt að hlaða niður, án endurgjalds, af vef Matvælastofnunar á mast.is svo útlit og litur séu rétt.

Til að tryggja samræmda og rétta meðferð á hönnun merkisins hafa yfirvöld í Svíþjóð (Livsmedelsverket), Noregi (Helsedirektoratet og Mattilsynet) og Danmörku (Fødevarestyrelsen) útbúið "hönnunarhandbók" þar sem rétt grafísk hönnun Skráargatsins, hvað varðar lit, stærð o.fl. eru útskýrð og sýnd (www.noeglehullet.dk).

3.2. Sætuefni, plöntusterólar o.fl.

Úr 4. grein

Skráargatið má ekki nota á:

Matvæli sem eftirfarandi innihaldsefnum hefur verið bætt í:

- a. Sætuefni (aukefni).
- b. Samþykkt nýfæði og ný innihaldsefni með sætueiginleika.
- c. Plöntusteróla, plöntusterólestera, plöntustanála eða plöntustanálestera.

Matvæli sem eru markaðssett með Skráargatinu mega ekki innihalda sætuefni.

Sætuefni eru aukefni sem bætt er í matvæli í þeim tilgangi að gefa þeim sætt bragð. Sætuefni eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum, viðauka I nr. 1., innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 978/2011 um aukefni í matvælum.

Dæmi um sætuefni: E 420 sorbítól, E 950 acesulfam-K, E 951 aspartam, E 954 sakkarín, E 955 súkralósi, E 960 stevíóglýkósíð (unnið úr plöntunni Stevia rebaudiana Bertoni), E 965 maltítól og E 967 xýlitól.

Matvæli sem eru markaðssett með Skráargatinu mega ekki innihalda samþykkt nýfæði og ný innihaldsefni með sætueiginleika. Nýfæði er skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði.

Matvæli sem eru markaðssett með Skráargatinu mega ekki innihalda plöntusteróla, plöntusterólestera, plöntustanála eða plöntustanálestera. Í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda eru reglur um merkingu á matvælum sem innihalda plöntusteróla, plöntusterólestera, plöntustanála eða plöntustanálestera en þar er ekki að finna eiginlega skilgreiningu á þessum efnum.

Plöntusterólar eru fitusækin efni og koma fyrir frá náttúrunnar hendi og eru svipuð að byggingu og kólesteról. Hinir svokölluðu stanólar eru mettaðir plöntusterólar, sem koma ekki fyrir í miklu magni frá náttúrunnar hendi, en hægt er

að framleiða þá með hydreringu á samsvarandi plöntusteról. Sterólar finnast í náttúrunni annað hvort í fríu formi eða sem esterar.

3.3. Matur ætlaður ungbörnum og smábörnum

Úr 4. grein

Skráargatið má ekki nota á:

2. Matvæli sem eru sérstaklega ætluð börnum undir þriggja ára aldri.

Ekki má nota Skráargatið á matvæli sem eru ætluð börnum undir þriggja ára aldri, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 609/2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis (innleidd með reglugerð nr. 834/2014). Þetta felur meðal annars í sér að ekki megi nota Skráargatið á ungbarnagraut og álíka vörur.

Jafnframt er ekki heimilt að nota Skráargatið á ungbarnablöndur og stoðblöndur.

3.4. Almenn um skilyrði fyrir notkun Skráargatsins

Almenn krafa er um að matvæli, sem merkt eru með Skráargatinu, megi ekki innihalda meira en 2 grömm af transítusýrum í hverjum 100 grömmum af heildarfitumagni.

Sett eru ákveðin skilyrði um innihald fitu, sykurs, salts og trefja eftir því sem við á fyrir matvælaflokkana sem fram koma í viðauka II í skráargatsreglugerðinni. Ef ekki koma fram skilyrði um hámark af sykri í matvælaflokki er það vegna þess að venjulega er ekki bætt sykri í þær vörur sem þar er að finna, og því ekki nauðsynlegt að setja inn skilyrði um hámarks sykurmagn. Þess vegna má eingöngu bæta fitu, sykri og salti í þá matvælaflokka þar sem sett eru skilyrði um fitu, sykurttegundir eða salt í viðauka II. Engu að síður má bæta þessum næringarefnum í aðra matvælaflokka, þó eingöngu í því lágmarksmagni sem nauðsynlegt er til að ná æskilegum áhrifum t.d. eru sykurttegundir heimilrar í litlu magni sem burðarefni í kryddum.

Úr 4. gr. Matvæli sem má merkja með Skráargatinu.

Skráargatið má nota við merkingu og markaðssetningu á matvælum sem uppfylla öll skilyrði matvælaflokka skv. viðauka II.

Skráargatið má eingöngu nota á matvæli (bæði forpökkuð og ekki forpökkuð) sem uppfylla bæði almenn skilyrði reglugerðarinnar og skilyrði fyrir einstaka matvælaflokka sem fram koma í viðauka II við reglugerðina.

Að öllu jöfnu eru þær vörur sem heimilt er að merkja með Skráargatinu forpakkaðar, en vörur sem eru ekki forpakkaðar má einnig merkja á þennan hátt ef þær falla undir fæðuhópna: 1 (aðeins óunnar vörur), 2, 8a), 8b), 9, 16, 17, 21 og 23.

Sjá nánar um markaðssetningu á vörum sem eru ekki forpakkaðar í 4. kafla þessara leiðbeininga.

Sett eru ákveðin skilyrði fyrir mismunandi matvælaflokka. Skilyrðin eru ákvörðuð út frá því sem er raunhæft fyrir einstaka flokk og út frá mikilvægi flokksins fyrir almennt mataræði.

T.d eru skilyrði sett fyrir eftirfarandi:

- Hámarksmagn af fitu.
- Hámarksmagn mettaðra fitusýra.
- Hámarksmagn af sykri (samþals sykurttegundir og viðbættur sykur).
- Hámarksmagn af salti.

- Lágmarksmagn af trefjum.

Alls staðar í leiðbeiningunum þar sem vísað er í matvælaflokk, skulu öll skilyrði sem falla undir flokkinn vera uppfyllt til að heimilt sé að nota Skráargatið.

Auk þess eru settar fram kröfur um hlut heilkorns í mörgum matvælaflokkum og einnig kröfur um hlut grænmetis (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurta (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávaxta eða ávaxta og berja.

Almenn skilyrði um innihald transítusýra og um viðbættar fitu, sykurtégunda eða salts í matvælaflokk þar sem skilyrði um þessi efni eru ekki sett skal fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í grein 3.2. Sjá einnig skilgreiningu á „viðbættu bragði“ í grein 2.2.3.

4. Skráargatið á matvæli sem eru ekki forpökkuð

4.1. Notkun Skráargatsins við markaðssetningu á matvælum sem eru ekki forpökkuð

6. gr. Notkun skráargatsins á matvælum sem ekki eru forpökkuð.

Þegar Skráargatið er notað við markaðssetningu matvæla sem ekki eru forpökkuð skulu upplýsingar varðandi grundvöll fyrir notkun Skráargatsins vera aðgengilegar sé þess óskað.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- 1) Grænmeti o.fl. sem er óunnið (matvælaflokkur 1).
- 2) Aldin og ber (matvælaflokkur 2).
- 3) Lagarafurðir (matvælaflokkur 21).

Heimilt er að nota skráargatsmerkingu á matvæli sem eru ekki forpökkuð ef varan uppfyllir þau skilyrði sem gerð eru fyrir þann matvælaflokk sem viðkomandi vara fellur undir sbr. viðauka II í skráargatsreglugerðinni.

Við markaðssetningu á skráargatsmerktum vörum sem eru ekki forpakkaðar er t.d. hægt að nota merkið á skilti, veggspjöld, við hillumerkingar (á sama hillumerkingarmiða þar sem innihald vörunnar, verð o.s.frv. kemur fram) og auglýsingar í sjónvarpi.

Ekki er gerð krafa um að merkið sé sett á vöruna eða umbúðir hennar.

Ekki er heldur gerð krafa um næringaryfirlýsingu þegar skrárgatið er notað við markaðssetningu á matvælum, sem eru ekki forpökkuð. En ef þess er óskað skal fyrirtækið geta gefið upplýsingar um þann þátt sem gerir það að verkum að heimilt sé að nota merkið í því tilfelli. Jafnframt skal fyrirtækið geta gefið upplýsingar um innihald þeirra næringarefna og innihaldsefna sem sett eru skilyrði fyrir í viðauka II í reglugerðinni.

Ef fyrirtæki vill t.d. setja á markað brauð sem er ekki forpakkað skal það geta gefið upplýsingar um innihald vörunnar af fitu, sykurtégundum, trefjum og salti ásamt heilkorni. Upplýsingarnar skulu veittar ef neytandinn leitar eftir þeim. Ekki er gerð krafa um að fyrirtækið hafi frumkvæði að því að benda neytendum á að hægt sé að fá þessar upplýsingar hjá starfsfólkinu.

5. Gildistaka og viðurlög

5.1. Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða

9. grein: Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a-e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

10. grein: Lagastoð, gildistaka og brottfall reglugerða.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 18. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 428/2015 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla.

Reglugerðin öðlast gildi 11. mars 2021.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar er framleiðsla og merking matvæla í samræmi við ákvæði eldri reglugerðar nr. 428/2015 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla heimil til 1. september 2022. Leyfilegt var að dreifa matvælum framleiddum og merktum í samræmi við fyrri reglugerð þar til birgðir eru uppnar.

Þá er heimilt að merkja og markaðssetja matvæli sem framleidd eru í samræmi við reglugerð þessa, með Skráargatinu ásamt tákniinu ® í samræmi við 3. gr. og I. viðauka við reglugerð nr. 428/2015 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla til 1. september 2024. Heimilt er að markaðssetja matvæli, sem merkt eru Skráargatinu ásamt tákniinu (®) fyrir 1. september 2024, þar til birgðir eru uppnar.

Reglugerð nr. 428/2015 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla tók gildi 17. apríl 2015. Þrátt fyrir gildistöku reglugerðarinnar var framleiðsla og merking matvæla í samræmi við ákvæði eldri reglugerðar nr. 999/2013 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla áfram heimil til 1. september 2016. Leyfilegt var að dreifa matvælum framleiddum og merktum í samræmi við reglugerð nr. 999/2013 þar til birgðir eru uppnar.

6. Rétt notkun Skráargatsins við merkingar

6.1. Fyrirtæki bera ábyrgð á rétttri merkingu og markaðssetningu

Fyrirtæki sem markaðssetur matvæli með skráargatsmerkingu ber ábyrgð á að notkun merkisins sé í samræmi við skráargatsreglugerðina og aðra löggjöf sem um merkinguna gilda. Almennar kröfur um merkingu og næringaryfirlýsingu koma fram í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Notkun næringar- og heilsufullyrðinga fellur undir reglugerð nr. 406/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli.

Hugtakið merking nær einnig til fullyrðinga við markaðssetningu og í auglýsingum t.d. í bæklingum, veggspjöldum bæði inni og fyrir utan verslanir ásamt auglýsingum í sjónvarpi.

Þetta þýðir að eingöngu er heimilt að nota Skráargatið við markaðssetningu og í auglýsingum ef heimilt er að nota Skráargatið á vöruna, samanber skráargatsreglugerðina.

6.2. Skráargatið á veggspjöldum, í hillumerkingum og á annan hátt

Almennt gildir að öll markaðssetning þar sem Skráargatið er notað skal vera skýr og má ekki vera villandi.

Fyrirtækjum er heimilt við markaðssetningu á vörum sínum að nota Skráargatið t.d. á veggspjöld, við hillumerkingar, í auglýsingum og sjónvarpsauglýsingum eða tilboðsblöðum. Á þennan hátt geta verslanir vakið athygli neytenda á framboði á skráargatsmerktum vörum.

Í þessum tilfellum skal Skráargatið koma fram á umbúðum þeirra vara sem markaðssetningin nær til. Þannig er ekki heimilt að nota Skráargatið í hillumerkingum ef varan í hillunni hefur ekki verið merkt sem slík frá framleiðandans hendi.

Fyrir matvælaflokka sem heimilt er að markaðssetja með Skráargatinu sem „tegunda auglýsing“, er ekki gerð krafa um að Skráargatið sé til staðar á umbúðum matvæla.

Framangreint á við um eftirfarandi matvælaflokka:

- Óunnið grænmeti, belgjurtir (nema jarðhnetur), kartöflur og aðra rótarávexti ásamt óunnum kryddjurtum (matvælaflokkur 1)
- Ávextir og ber (matvælaflokkur 2)
- Lagarafurðir og lifandi samlokur (matvælaflokkur 21)

Með „tegunda auglýsingu“ er átt við auglýsing sem nær til matvælaflokks en ekki til ákveðinnar vöru.

6.3. Staðsetning Skráargatsins inni í og utan við verslanir

Erfitt er að koma með leiðbeiningar um allar gerðir af markaðssetningu í verslunum og fyrir utan verslanir. Eftirfarandi tillögu má þó nota sem leiðavísi þegar sett eru upp skilti með skráargatsmerki í verslunum.

Öll notkun Skráargatsins við markaðssetningu verður að vera skýr og hún má ekki vera villandi eða blekkjandi fyrir neytendur.

Nota má þessar leiðbeiningar sem útgangspunkt en aðstæður geta verið mismunandi í verslunum sem gerir það að verkum að markaðssetning verður samt sem áður villandi. Því er mikilvægt að í hverri verslun sé íhugað og metið hvernig Skráargatið skuli notað einmitt í þeirri verslun. Eftirlitsaðili metur í hverri verslun fyrir sig hvort markaðssetning sé skýr og ekki villandi fyrir neytandann.

Ekki er heimilt að merkja fyrirtæki, t.d. verslun, með Skráargatinu. Því er óheimilt að nota Skráargatið í markaðssetningu með merki fyrirtækis eða nafni þess, sem gæti fengið neytandann til að halda að fyrirtækið sé skráargatsmerkt.

Við inngang og á göngusvæði

Heimilt er að setja upp skilti með Skráargatinu við inngang eða á göngusvæðum. Á þann hátt er vakin athygli neytenda á að í þessari verslun sé hægt að kaupa skráargatsmerktar vörur.

Ef óskað er eftir að skrifa texta undir Skráargatið er hvatt til að textinn vekji athygli neytandans á að hafa augun opin fyrir skráargatsmerktum vörum.

Villandi væri ef í textanum sé því haldið fram eða gefið í skyn að allar vörur í hluta verslunarinnar eða í allri versluninni séu skráargatsmerktar, ef svo er ekki.

Í fiski- og grænmetisdeildum

Heimilt er að setja upp skilti með Skráargatinu (þar sem heimilt er að markaðssetja vörur með tegunda auglýsingu). Þetta gildir líka þó vörurnar í deildinni falli ekki allar undir heimild til notkunar Skráargatsins. Í slíkum tilfellum er þess krafist að ekki sé villt um fyrir neytandanum hvað varðar hvaða vörur sé heimilt að merkja með Skráargatinu og hverjar ekki. Þetta er t.d. hægt að tryggja með því að varan sjálf, hillukanturinn eða hillan sjálf þar sem viðkomandi vöru er komið fyrir séu merkt með Skráargatinu.

Í öðrum deildum

Mikil hætta er á að villt sé um fyrir neytendum ef skilti með Skráargatinu er komið fyrir í deildum eða á svæðum þar sem fáar eða engar vörur mætti merkja með Skráargatinu. Sem dæmi má nefna sælgætis- eða ísdeildir.

Matvælastofnun ræður verslunum frá því að nota Skráargatið við markaðssetningu í þessum deildum.

Markaðssetning í auglýsingum sem er dreift, á tilboðsskiltum o. fl.

Ef skráargatið er notað við markaðssetningu í auglýsingum í t.d. tilboðsblöðum/bæklingum er mikilvægt að það sé greinilegt til hvaða vara Skráargatið vísi.

Ekki er talið villandi að birta Skráargatið á tilboðsskilti fyrir utan verslun. Á skiltinu gæti t.d. staðið „Vertu vakandi fyrir skráargatsmerktum vörum þegar þú verslar“. Í hönnunarhandbókinni um Skráargatið er hægt að lesa meira um notkun Skráargatsins í markaðssetningu (www.noeglehullet.dk).

7. Næringaryfirlýsing

7.1. Næringaryfirlýsing og Skráargatið

Ef notaðar eru næringar- eða heilsufullyrðingar við markaðssetningu forpakkaðra matvæla skal næringaryfirlýsing koma fram á vörunni.

Skrárgatið skilgreinist sem næringarfullyrðing. Þar af leiðandi skal vera næringaryfirlýsing á öllum vörum sem merktar eru með Skráargatinu.

Ekki er þó krafist næringaryfirlýsingar fyrir eftirtalda matvælaflokka, að því gefnu að ekki komi fram næringar- eða heilsufullyrðingar, þar sem litið er svo á að skráargatsmerking þeirra sem tegunda auglýsingu:

- Óunnið grænmeti, belgjurtir (nema jarðhnetur), kartöflur og aðrir rótarávextir (matvælaflokkur 1)
- Ávextir og ber (matvælaflokkur 2)
- Lagarafurðir og lifandi samlokur (matvælaflokkur 21)

Með tegunda auglýsingu er átt við auglýsingu sem nær til matvælaflokks, en ekki til ákveðinnar vöru.

Vakin er athygli á, hvað grænmeti varðar, að tegunda auglýsing getur eingöngu átt við óunnið grænmeti. Skilgreiningu á óunnum vörum er að finna í viðauka 1 við þessar leiðbeiningar. Ef unnið grænmeti t.d. ofnbakaðir rótarávextir eru merktir með Skráargatinu, þá skal næringaryfirlýsing einnig koma fram.

Ef um er að ræða matvæli sem eru ekki forpökkuð og merkt eru með Skráargatinu er ekki gerð krafa um næringaryfirlýsingu.

7.2. Hvernig á næringaryfirlýsing að vera?

Ákveðnar reglur gilda um merkingu næringargildis í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, einnig má finna leiðbeiningar um næringaryfirlýsingu á vef Matvælastofnunar

<https://www.mast.is/is/matvaelafyrirtaeki/merkingar/naeringargildi>

Samkvæmt reglugerðinni skulu yfirlýstu gildin, út frá hverju tilviki fyrir sig, vera meðalgildi á grundvelli:

- greiningar framleiðandans á matvælunum,
- útreiknings út frá þekktum gildum eða raunverulegum meðalgildum í innihaldsefnum sem eru notuð
- útreiknings út frá almennt staðfestum og viðurkenndum gögnum.

„Meðalgildi“ er skilgreint í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda viðauka I, á eftirfarandi hátt:

„það gildi sem best sýnir magn næringarefnisins, sem tiltekin matvæli innihalda, með tilliti til frávika vegna árstíðabundins breytileika, neyslumynstra og annarra þátta sem geta valdið sveiflum á raungildinu“.

Næringaryfirlýsing er ýmist fengin út frá útreikningum á uppskrift fyrir vörurnar eða með greiningu á innihaldsefnum.

Það meðalgildi sem fram kemur má ekki vera villandi fyrir neytandann, sama hvaða aðferð er notuð til að finna gildin (greining eða útreikningar).

Eftirfarandi þættir skulu koma fram í næringaryfirlýsingu: Orka (kJ/kkal) og magn fitu, mettaðra fitusýra, kolvetna, sykurtegunda, próteina og salts. Hugtakið „natríum“ má ekki nota í næringaryfirlýsingu.

Í næringaryfirlýsingu mega eftirfarandi þættir einnig koma fram: einómettaðar fitusýrur, fjölómettaðar fitusýrur, fjölalkóhól, sterkja, trefjar, vítamín og steinefni. Framleiðandinn getur ákveðið að bæta við einu eða fleirum af framangreindum þáttum allt eftir því hvað er raunhæft fyrir viðkomandi vöru, en þetta er ekki skylda. Ef framleiðandinn fullyrðir um einhvern af framangreindum þáttum t.d. ef á umbúðum kemur fram að bætt hafi verið vítamínum og steinefnum í vöruna þá er skylda að magn þeirra efna komi fram í næringaryfirlýsingu.

Í skráargatsreglugerðinni eru skilyrði um innihald af trefjum og heilkorni í sumum matvælaflokkum. Ekki er skylda að magn trefja komi fram í næringaryfirlýsingu. Þó er mælt með að magn trefja koma fram á skráargatsmerktum vörum sem falla undir þá matvælaflokka þar sem skilyrði eru fyrir magn trefja eða heilkorns, t.d. matvælaflokk 8a) brauð og brauðblöndur.

Næringargildi	í 100 g eða 100 ml
Orka	kJ/kkal
Fita	g
Þar af:	g
Mettuð	g
Einómettuð	g
Fjölómettuð	g
Kolvetni	g
Þar af:	g
Sykurtegundir	g
Fjölalkóhól	g
Sterkja	g
Trefjar	g

Prótein	g
Salt	g
Vítamín/steinefni	Einingar skv. viðauka XIII í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Í næringaryfirlýsingu, samkvæmt reglugerð um upplýsingar um matvæli til neytenda skal telja næringarefnin upp í ákveðinni röð. Ef plássið leyfir ekki að birta upplýsingar í töflu þar sem næringarefnunum er raðað upp í dálk, skal raða efnunum upp í línu. Upplýsingarnar skulu koma fram í eftirfarandi röð. Feitletruðu efnin er skylda að gefa upp, hin eru valfrjáls.

7.3. Vikmörk

Gildin í næringaryfirlýsingunni skulu vera rétt. Óheimilt er að selja matvörur við aðstæður sem geta villt um fyrir neytendum, hvað varðar samsetningu og eiginleika varanna.

Magn næringarefna í matvælum getur verið breytilegt frá náttúrunnar hendi og auk þess geta framleiðsluferlið og aðrir þættir haft áhrif þar á. Það er því ekki mögulegt að gefa upp 100% rétt gildi.

Raunverulegt innihald má ekki víkja verulega frá því gildi sem gefið er upp, því þá er um villandi upplýsingar að ræða. Framkvæmdastjórn EB hefur tekið saman leiðbeiningar um vikmörk sem ætluð eru fyrir eftirlit yfirvalda með næringaryfirlýsingum⁶⁾.

Litið er á skilyrðin fyrir fitu, mettaðar fitusýrur, sykurtengundir, og salt í viðauka II við skráargatsreglugerðina, sem hámarksgildi og skilyrði fyrir trefjar sem lágmarksgildi. Þannig eru skilyrðin niðurnjörvuð með löggjöfinni.

Þetta þýðir að ekki má fara yfir gildin í viðaukanum, burtséð frá greiningaróvissu.

Dæmi:

Fram kemur í viðauka II í skráargatsreglugerðinni að jógúrt sem merkt er með Skráargatinu megi að hámarki innihalda 1,5 g af fitu í 100 g. Samkvæmt EB-leiðbeiningunum má niðurstaða þegar teknar eru prufur til greiningar á vörinni vegna eftirlits, sýna að mesta magn af fitu sé 1,5 g í 100 g + greiningaróvissa.

Alltaf skal þó meta það sem umfram er, áður en refsingum er beitt.

Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar er að finna lista yfir ýmsa þætti sem skal meta og taka tillit til áður en refsingu er beitt. Þannig kemur fram í leiðbeiningunum að taka skuli tillit til t.d. um hvaða næringarefni er að ræða, hvort varan er einsleit eða ekki og hvort miklar sveiflur eru í magni næringarefna frá náttúrunnar hendi, sérstaklega ef um árstíðabundnar breytingar er að ræða. Þessi listi er þó ekki tæmandi.

8. Matvælaflokkar í viðauka II við reglugerðina

8.1. Matvælaflokkarnir

Hér er lýst skilyrðum sem hver matvælaflokkur þarf að uppfylla eins og fram kemur í viðauka II við reglugerðina.

Vörur eru settar undir þann flokk sem þær passa við miðað við lýsinguna í fremri dálki. Síðan er metið hvort þær uppfylli þau næringarfræðilegu skilyrði sem koma fram í seinni dálknum. Hér að neðan eru dæmi um vörur sem falla

undir viðkomandi matvælaflokk og uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðaukanum og einnig aðra viðeigandi löggjöf. Einnig koma fram dæmi um vörur sem falla ekki undir viðkomandi matvælaflokk. Listinn er ekki tæmandi.

Matvælaflokkar 1-3: Grænmeti, ávextir, ber og hnetur

<p>1. Grænmeti, belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar), kartöflur og aðrir rótarávextir. Vörurnar mega vera unnar. Óunnar kryddjurtir eru einnig meðtaldar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - viðbætt fita að hámarki, 3 g/100 g - viðbætt fita má innihalda að hámarki 20% af mettaðuðum fitusýrum - viðbættar sykurtegundir að hámarki 1 g/100 g - salt að hámarki 0,5 g/100 g
---	---

Matvörur í þessu flokki (nema kryddjurtirnar) mega vera unnar. Það er að segja að þær hafi farið í gegnum einhvern vinnsluferil, sem hefur valdið töluverðum breytingum á upphaflegu matvörunni. Þarna gæti t.d. verið um að ræða hitun, reykingu, söltun, þroskun, þurrkun, marineringu, útdrátt eða þrýstimótun eða samsetningu þessara aðgerða, viðbætt bragð getur einnig verið þáttur í vinnslu t.d. með þurrkuðum kryddjurtum.

Hvað varðar kryddjurtir, eru það eingöngu óunnar kryddjurtir sem falla undir þennan flokk. Þó talað sé um óunnar kryddjurtir mega þær þó vera malaðar, afhýddar, kramdar, frystar, djúpfrýstar eða þíddar. Í viðauka 1 við þessar leiðbeiningar er að finna skilgreiningu á óunnum vörum.

Vakin er athygli á að skilyrði vegna viðbætrrar fitu ná bæði til þeirra fitu sem bætt er við sem hráefni og þeirra fitu sem bætist við með tilreiðslu t.d. fita sem bætist við franskar kartöflur við djúpsteikingu.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ferskt og frosið grænmeti.
- Niðursoðið, sultað, þurrkað, gerjað og bakað grænmeti.
- Ferskar og frosnar kryddjurtir.
- Þurrkaðar baunir.
- Blansereðar (stutt, há hitun) ertur
- Afhýddar kartöflur og niðursneiddar kartöflur
- Ferskur og niðursoðinn maís
- Grænmetissalat (án salatsósu).
- Frosnar wok-blöndur.
- Blandað grænmeti (t.d. ratatouille).

Dæmi um matvörur, sem falla ekki undir þennan matvælaflokk:

- Þurrkaðar kryddjurtir
- Sveppir.
- Matarsalöt.
- Hráir grænmetisréttir með ferskum eða þurrkuðum ávöxtum.
- Grænmetisblöndur með sveppum.

<p>2. Ávextir og ber sem eru óunnin. Vörurnar mega þó vera hitameðhöndlaðar.</p>
--

Matvæli í þessum flokki mega ekki vera unnin.

Þó talað sé um óunnar vörur mega ávextir og ber þó vera stykkjuð, hlutuð sundur, sneidd, hökkuð, möluð, afhýdd, brotin, kæld, fryst, djúpfryst eða þídd. Í viðauka 1 við þessar leiðbeiningar er að finna skilgreiningu á óunnum vörum.

Vörurnar mega þó vera hitameðhöndlaðar t.d. að vera hitaðar upp að 100°C í eina mínútu eða annars slags hitun sem hefur sambærileg áhrif.

Ekki eru sett fram nein skilyrðir fyrir þennan flokk. Sem þýðir að skv. b). lið 6. gr. reglugerðarinnar má ekki bæta við fitu, sykri eða salti.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ferskir ávextir og ber.
- Ávextir og ber sem hafa verið hitameðhöndluð t.d hindber.
- Frosnar ávaxta- og berjablöndur.
- Ferskt ávaxtasalat.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Þurrkaðir ávextir og ber.
- Ávaxta- og berjasafar ásamt „smoothies“.
- Marmelaði.
- Fræ og kjarnar.
- Frostþurrkaðir ávextir og ber.

3. Óunnar hnetur og jarðhnetur. Vörurnar geta þó verið hitameðhöndlaðar.	- mettaðar fitusýrur að hámarki 10 g/100 g
--	--

Matvæli í þessum flokki mega ekki vera unnin. Þau mega þó vera hitameðhöndluð t.d. ristuð (án viðbættrar fitu). Ekki er heimilt að bæta við fitu, sykri eða salti í þennan flokk. Hnetur sem innihalda meira en 10 g/100 g af mettuðum fitusýrum frá náttúrunnar hendi falla ekki undir þennan flokk.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Heilar eða malaðar hnetur og jarðhnetur ósykraðar/ósaltaðar. Þurrastaðar hnetur og jarðhnetur.
- Möndlumjöl.
- Hnetusmjör sem er eingöngu gert úr jarðhnetum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Macadamia hnetur og brasilíuhnetur.
- Saltaðar/sætar hnetur.
- Wasabihnetur, chillihnetur, jógúrthúðaðar hnetur og fleira.
- Kókoshnetur.
- Múskathnot.
- Fræ og kjarnar.

Matvælaflokkar 4-6: Mjöl, korn og hrísgrjón

<p>4. Korn, mjöl, flögur og brotnir frækjarnar korntegunda sem innihalda a.m.k. 100% heilkorn, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans. Kornhlutanum má skipta út í heild eða að hluta til fyrir grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti með sama notkunargildi.</p> <p>Klíði og kím eru undanskilin kröfunni um heilkorn.</p>	<p>- Trefjar a.m.k. 6 g/100 g</p>
--	-----------------------------------

Hér undir flokkast korn hvort sem um er að ræða heilt korn, brotið eða malað úr 100% heilkorni af hveiti, spelti, höfrum, maís, hirsí eða dúrru. Hér undir falla einnig klíð og kím kornvara. Einnig flokkast hér undir flögur eða möluð afurð af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávöxtum sem notuð eru á sama hátt eins malaðar vörur, flögur, grjón og brotnir kjarnar kornvara.

Skilyrði um trefjamagn gildir fyrir afurðina í heild.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Heilhveiti úr heilmöluðu hveitikorni og aðrar korntegundir úr heilmöluðum korni.
- Brotin eða heil korn.
- Hafragrjón.
- Maísmjöl.
- Hveitiklíð, hafraklíð og fleiri gerðir af klíði.
- Hveitikím, hafrakím og fleiri gerðir af kími.
- Kúskús og búlgur úr heilu korni, bæði þurrkað og soðið.
- Bygggrjón.
- Malaðar belgjurtir, t.d. kjúklingabaunamjöl.
- Blöndur af heilhveiti og kjúklingabaunamjöli eða linsumjöli.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Fræ og kjarnar.
- Amaranth, bókhveiti, kínóa o. fl. (þessi hráefni eru hvorki kornvörur né belgjurtir).
- Poppkorn.
- Þurrkaðar snakkvörur t.d. þurrkaðir rótarávextir.

<p>5. Hrísggrjón sem innihalda 100% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.</p>	<p>- trefjar a.m.k. 3 g/100 g</p>
--	-----------------------------------

Hér undir falla hrísggrjón sem innihalda 100% heilt korn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.4.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hýðishrísggrjón – ósoðin, soðin eða forsoðin (parboiled).
- Rauð hrísggrjón – ósoðin, soðin eða forsoðin (parboiled).
- Hýðishrísggrjón.
- Hrísmjöl úr hýðishrísggrjónum

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hvít hrísgrjón
- Kínóa
- Amaranth.
- Fræ og kjarnar.

<p>6. Morgunkorn og músli sem innihalda a.m.k. 55% af heilkorni reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.</p> <p>Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.</p> <p>Glútenlaust morgunkorn og músli skulu innihalda a.m.k. 20% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 8 g/100 g - sykurtegundir að hámarki 13 g/100 g - þar af viðbættar sykurtegundir, að hámarki 9 g/100 g - trefjar a.m.k. 6 g/100 g - salt að hámarki 1 g/100 g
---	---

Hér undir falla morgunkorn og músli, sem innihalda a.m.k. 55% heilkorn. Auk þess glútenlaust morgunkorn og músli, sem innihalda a.m.k. 20% heilkorn, samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Morgunkorn.
- Morgunkorn með ávöxtum, berjum, belgjurtum og grænmeti.
- Músli.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Orkustykki.
- Múslístykki.
- Grautur.

Matvælaflokkar 7-10: Grautar, brauð og pasta

<p>7. Grautar og grautarduft (tilreitt samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans) sem inniheldur a.m.k. 55% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.</p> <p>Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 4 g/100 g - sykurtegundir að hámarki 5 g/100 g - trefjar a.m.k. kosti 1 g/100 g - salt að hámarki 0,3 g/100 g <p>Skilyrðin gilda um vöruna tilbúna til neyslu.</p>
--	---

Hér undir falla grautar og grautarduft, sem innihalda a.m.k. 55% heilkorn, samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.

Skilyrðin gilda líka fyrir vörur sem eru tilbúnar til neyslu. Hvað varar grautarduft miðast skilyrðin við tilbúinn graut. Í merkingu vörunnar skulu því vera nægjanlega nákvæmar leiðbeiningar um tilreiðslu vörunnar.

Í næringaryfirlýsingu á grautardufti skulu koma fram upplýsingar bæði um tilbúna vöru og um vöruna í því formi sem hún er seld.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Grautur úr heilkorni.
- Hafragrautur.
- Grautur úr heilkorni með bókhveiti, kínóa eða annað.
- Bygggrjónagrautur.
- Hirsigrautur.
- Rúggrautur.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vellingur úr heilkorni.
- Barnagrautur.
- Hrísgjónagrautur.

<p>8. a) Brauð og brauðblöndur þar sem aðeins skal bæta við vökva og ef til vill geri sem innihelda a.m.k. 30% af heilkorni reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns. Vörur sem eru í flokki 8b) eru ekki meðtaldar. Glútenlaus brauð og brauðblöndur, skulu innihalda a.m.k. 10% heilkorn, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Fita að hámarki 7 g/100 g - sykurttegundir að hámarki 5 g/100 g - trefjar a.m.k. 5 g/100 g - salt að hámarki 1 g/100 g <p>Skilyrðin gilda um vöruna tilbúna til neyslu.</p>
--	--

Hér undir falla brauð og brauðblöndur sem innihelda a.m.k. 30% heilkorn samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.

Skilyrðin gilda fyrir vörur sem eru tilbúnar til neyslu. Hvað varðar brauðblöndur skulu skilyrðin uppfyllt í bökuðu brauði. Í merkingu vörunnar skulu því vera nægjanlega nákvæmar leiðbeiningar um tilreiðslu vörunnar.

Í næringaryfirlýsingu á brauðblöndum skal gefa upplýsingar bæði um tilbúna vöru og um vöruna í því formi sem hún er seld.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Brauð.
- Rótarávaxtabrauð t.d. gulrótabrauð.
- Rúnnstykki.
- Brauð úr brauðblöndum.
- Pítsabotnar.
- Tortilla.

- Tertubotnar.
- Pítabrauð.
- Brauðblanda með belgjurtum og rótarávöxtum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hrökkbrauð.

<p>8.b) Rúgbrauð og aðrar vörur, að stofni til úr rúgi, ásamt brauðblöndum þar sem aðeins skal bæta við vökva og ef til vill geri. Varan skal innihalda a.m.k. 35% af heilkorni reiknað út frá þurfnisinnihaldi vörunnar. Í vörunum skal a.m.k. 30% af korntegundunum vera rúgur. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 7 g/100 g - sykurttegundir að hámarki 5 g/100 g - trefjar a.m.k. 6 g/100 g - salt að hámarki 1,2 g/100 g <p>Skilyrðin gilda um vöruna tilbúna til neyslu.</p>
--	--

Hér undir falla brauð og brauðblöndur sem í er a.m.k. 30% rúgur sem inniheldur a.m.k. 35% heilkorn samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5. . Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.

Í þessum matvælaflokki er rúgur umfram þær vörur sem falla undir flokk 8a) og skilyrði fyrir innihald salts og trefja eru önnur en í flokki 8a).

Skilyrðin gilda fyrir vörur sem eru tilbúnar til neyslu. Hvað varðar brauðblöndur skulu skilyrðin uppfyllt í bökuðu brauði. Í merkingu vörunnar skulu því vera nægjanlega nákvæmar leiðbeiningar um tilreiðslu vörunnar.

Í næringaryfirlýsingu á brauðblöndum skal gefa upplýsingar bæði um tilbúna vöru og um vöruna í því formi sem hún er seld.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Rúgbrauð.
- Annað brauð þar sem rúgur er a.m.k 30% af korntegundunum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Brauð þar sem minna en 30% af korninu er rúgur.
- Hrökkbrauð.

<p>9. Hrökkbrauð og bruður ásamt tilbúnum blöndum fyrir slíkar vörur, þar sem aðeins skal bæta við vökva og e.t.v. geri. Varan skal innihalda a.m.k. 50% af heilkorni reiknað út frá þurfnisinnihaldi vörunnar. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar)</p>	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 7 g/100 g - sykurttegundir að hámarki 5 g/100 g - trefjar a.m.k. 6 g/100 g - salt að hámarki 1,3 g/100 g
---	---

<p>eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.</p> <p>Samsvarandi glútenlausar vörur skulu innihalda a.m.k. 15% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar.</p>	Skilyrðin gilda um vöruna tilbúna til neyslu.
--	---

Hér undir falla hrökkbrauð, bruður og tilbúnar blöndur fyrir slíkar vörur þar sem aðeins skal bæta við vökva og e.t.v. geri, sem innihalda að minnsta kosti 50% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar, samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.

Skilyrðin gilda fyrir vörur sem eru tilbúnar til neyslu. Hvað varðar tilbúnar blöndur miðast skilyrðin við tilbúna vöru eftir bakstur. Í merkingu vörunnar skulu því vera nægjanlega nákvæmar leiðbeiningar um tilreiðslu vörunnar.

Í næringaryfirlýsingu á tilbúnum blöndum skulu koma fram upplýsingar bæði um tilbúna vöru og um vöruna í því formi sem hún er seld.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hrökkbrauð bæði þykkt og þunnt.
- Hrökkbrauð með belgjurtum og rötargrænmeti.
- Bruður.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Smákökur.
- Rískökur.

<p>10. Pasta (ófyllt). Varan skal innihalda a.m.k. 50% af heilkorni reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar. Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.</p> <p>Fyrir glútenlaust pasta (ófyllt) er ekki gerð krafa um að varan innihaldi heilkorn.</p>	<p>- trefjar a.m.k. 6 g/100 g - salt að hámarki 0,1 g/100 g</p> <p>Skilyrðin gilda miðað við þurrefnisinnihald vörunnar.</p>
---	--

Hér undir falla pastavörur sem innihalda að minnsta kosti 50% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi vörunnar, samanber skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5.

Ef varan inniheldur grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávexti er sá hluti vörunnar, sem samanstendur af þessu, ekki tekinn með við útreikning á magni heilkorns.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ferskt eða þurrkað pasta þar með talið pasta sem gert er úr mjöli sem unnið er úr belgjurtum t.d. svartbaunum og mungbaunum.
- Ferskt eða þurrkað pasta með grænmeti, belgjurtum og kornvörum.
- Glútenlaust pasta.
- Núðlur úr heilkorni.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Pasta með fyllingu t.d. ravioli, tortellini og fleiri.

Matvælaflokkar 11-15: Mjólk, sýrðar mjólkurvörur og valkostir úr jurtaríkinu

Á markaði eru margar laktósafríar mjólkurvörur. Þessar vörur geta fallið undir matvælaflokkana 11a), 12a), 13a), 14a) og 15a), ef þær flokkast sem mjólk eða ef þær falla undir skilgreiningu á öðrum matvælum í framangreindum matvælaflokkum t.d. sýrðar mjólkurvörur.

11. a) Mjólk og sýrðar mjólkurvörur sem ætlaðar eru til drykkjar, án viðbættis bragðs. Samsvarandi laktósafríar vörur og laktósafríir mjólkurdrykkir eru einnig meðtalin.	- fita að hámarki 0,7 g/100 g
---	-------------------------------

Í flokkum 11 a) og 11 b) eru vörur ætlaðar til drykkjar. Þær eru ólíkar öðrum vörum í mjólkurflokknum að því leyti að í flokkum 12 og 13 eru vörur sem eru í föstu formi og í hópum 14 og 15 eru vörur sem eru notaðar á svipaðan hátt og rjómi.

Ekki má bæta vöru sem gefur bragð út í vörur í flokki 11.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Undanrenna.
- Fjörmjólk.
- Skyrdrykkur (hreinn, ekki viðbætt bragð).
- Jógurtdrykkur, fitusnauður (hreinn, ekki viðbætt bragð).
- Laktósafrí mjólk, fitusnauð.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Mjólkurvörur með viðbættu bragði t.d. með jarðaberjamjólk, kakómjólk
- Sýrðar mjólkurvörur með viðbættu bragði
- Jógurt sem er ekki drykkjarjógurt

b) Vörur úr jurtaríkinu sem eru notaðar á sama hátt og vörur í matvælaflokki 11a) án viðbættis bragðs.	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 1,5 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki 33% af heildarfituinnihaldi vörunnar - sykurtegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 0,1 g/100 g
--	--

Undir flokk 11 b) fallavörur úr jurtaríkinu sem notaðar eru á sama hátt og vörur í flokki 11 a). Því er eingöngu um að ræða vörur sem hægt er að drekka.

Vörurnar úr jurtaríkinu í flokki 11 b) hafa skilyrði um hámarks magn af sykurtegundum. Ekki má samt bæta í vörurnar öðrum efnum sem gefa bragð.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hríis-, hafra- soja- og möndludrykkir án viðbætts bragðs.
- Gerjaðir fljótandi hríis- hafra-, soja-, og möndludrykkir án viðbætts bragðs.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hríis- hafra- soja- og möndludrykkir með viðbættu bragði.
- Gerjaðir fljótandi hríis- hafra- soja- og möndludrykkir án viðbætts bragðs.
- Ávaxtadrykkir, djús, nektar, saft og gosdrykkir.
- Vatn á flöskum.
- Bjór.

12. a) Sýrðar mjólkurvörur sem ekki eru ætlaðar til drykkjar, án viðbætts bragðs. Samsvarandi laktósafríar vörur eru einnig meðtaldar.	- fita að hámarki 1,5 g/100 g
---	-------------------------------

Undir þennan flokk og flokk 13 a) falla sýrðar mjólkurvörur, sem eru ekki ætlaðar til drykkjar öfugt við þær vörur sem falla undir flokk 11 a). Ekki má bæta bragði við vörur í þessum flokki.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hrein jógurt.
- Hreint skyr.
- Laktósafrí hrein jógurt.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Sýrður rjómi.
- Vörur með viðbættu bragði.
- Drykkjarjógurt.

b) Vörur úr jurtaríkinu sem notaðar eru á sama hátt og vörur í flokki 12a) án viðbætts bragðs.	- fita að hámarki hámarki 1,5 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki 33% af heildarfituinnihaldi fituinnihaldi vörunnar - sykurtegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 0,1 g/100 g
--	--

Undir þennan flokk falla vörur úr jurtaríkinu sem notaðar eru á sama hátt og vörur í flokki 12a). Andstætt við vörur í flokki 11 a) eru þessar vörur ekki ætlaðar til drykkjar.

Í vörum úr jurtaríkinu í flokki 12 b) eru skilyrði um hámarks magn af sykurtegundum. Ekki má samt bæta í vörurnar öðrum efnum sem gefa bragð.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur gerðar úr soja, höfrum, hrísgrjónum o.s.frv. sem notaðar eru á sama hátt og vörur sem falla undir flokk 12 a).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur úr jurtaríkinu sem falla undir flokkinn 11 b).
- Vörur sem falla undir flokkinn 12 a) sem eru með viðbættu bragði.

13. a) Sýrðar mjólkurvörur sem ekki eru ætlaðar til drykkjar, með viðbættu bragði. Samsvarandi laktósafríar vörur eru einnig meðtaldar.	- fita að hámarki 1,5 g/100 g - viðbættar sykurtegundir að hámarki 4 g/100g
---	--

Undir þennan flokk falla sýrðar mjólkurvörur sem eru ekki ætlaðar til drykkjar. Andstætt við vörurnar í flokki 12 a) þá er hér um að ræða vörur sem bætt hefur verið í bragði.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ávaxtajógurt og jógúrt með berjum.
- Bragðbætt jógurt, t.d. kaffijógúrt.
- Bragðbætt skyr, t.d. vanilluskyr.
- Bragðbætt laktósafrí jógurt.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Sýrður rjómi.
- Ávaxtajógúrt með sætuefni.
- Drykkjarjógúrt.
- Skydrykkur.

b) Vörur úr jurtaríkinu sem notaðar eru á sama hátt og vörur í flokki 13 a), með viðbættu bragði.	- Fita að hámarki 1,5 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki 33% af heildarfituinnihaldi vörunnar - sykurtegundir að hámarki 8 g/100 g - salt að hámarki 0,1 g/100 g
---	--

Undir þennan flokk vörur úr jurtaríkinu sem notaðar eru á sama hátt og vörur í flokki 13 a). Andstætt við vörurnar í flokki 12 b) þá eru þessar vörur með viðbættu bragði og skilyrði fyrir sykurler er hærra í þessum flokki. Vörur í þessu flokki eru ekki ætlaðar til drykkjar.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur sem gerðar eru úr soja, höfrum, hrísgrjónum o.s.frv. og notkunarmöguleikar eru þeir sömu og vörur í matvælaflokki 13 a).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur úr jurtaríkinu sem falla undir matvælaflokk 11 b).
- Vörur sem gerðar eru úr soja, höfrum, hrísgrjónum o.s.frv. og ekki hefur verið bætt við bragði.

14. a) Vörur sem eru samsettar úr blöndu af mjólk og rjóma, sem notaðar eru á sama hátt og rjómi og samsvarandi sýrðar vörur, án viðbættis bragðs. Samsvarandi laktósafríar vörur eru einnig meðtaldar.	- fita að hámarki 5 g/100 g
---	-----------------------------

Vörur sem falla undir þennan flokk og flokk 14 b) eru hugsaðar til að nota við matargerð. Ekki má bæta bragði við þessar vörur.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Magrar vörur sem eru notaðar á sama hátt og sýrður rjómi.
- Magrar vörur sem eru notaðar á sama hátt og rjómi.
- Laktósafríar vörur sem eru tilsvarendi framangreindum vörum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Niðursoðin mjólk.
- Kotasæla.
- Ferskostur.
- Bragðbættar vörur sem eru tilsvarendi framgreindum vörum.

b) Vörur úr jurtaríkinu að hluta eða öllu leyti, sem notaðar eru á sama hátt og vörur í matvælaflokki 14a), án viðbættis bragðs.	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 5 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki 33% af heildarfituinnihaldi vörunnar - sykurtegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 0,3 g/100 g
--	--

Vörur sem falla undir þennan flokk og flokk 14a) eru hugsaðar til að nota við matargerð. Ekki má bæta bragði við þessar vörur.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur úr jurtaríkinu að hluta eða öllu leyti sem eru tilsvarendi vörunum í flokki 14a).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Tilsvarendi vörur og framangreindar vörur en með viðbættu bragði.
- Vörur úr soja, höfrum eða hrísgrjónum sem eru ætlaðar til notkunar á sama hátt og vörur í flokki 12a).

15. a) Vörur sem eru samsettar úr blöndu af mjólk og rjóma sem notaðar eru á sama hátt og rjómi og samsvarandi sýrðar vörur, með viðbættu bragði. Samsvarandi laktósafríar vörur eru einnig meðtaldir	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 5 g/100 g - sykurtegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 0,8 g/100 g
---	--

Vörur sem falla undir þennan flokk og flokk 15b) eru vörur með viðbættu bragði og eru ætlaðar til notkunar við matargerð.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Bragðbættar magrar vörur sem eru notaðar á sama hátt og sýrður rjómi.
- Bragðbættar magrar vörur sem eru notaðar á sama hátt og rjómi.
- Laktósafríar vörur sem eru tilsvarendi framangreindum vörum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Bragðbættur ferskostur.
- Bragðbætt kotasæla.

b) Vörur úr jurtaríkinu að hluta eða öllu leyti, sem notaðar eru á sama hátt og vörur í matvælaflokki 15a), með viðbættu bragði.	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki, 5 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki, 33% af heildarfituinnihaldi vörunnar - sykurttegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 0,8 g/100 g
--	---

Vörur sem falla undir þennan flokk og flokk 15a) eru vörur með viðbættu bragði og eru ætlaðar til notkunar við matargerð.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur úr jurtaríkinu að hluta eða öllu leyti sem eru tilsvarendi vörunum í flokki 15a).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur úr soja, höfrum eða hrísgrjónum sem eru ætlaðar til notkunar á sama hátt og vörur í flokki 12a).

Matvælaflokkar 16-18: Ostar og valkostir úr jurtaríkinu

16. Ostar, aðrir en ferskostar (matvælaflokkur 18). Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 17 g/100 g - salt að hámarki 1,6 g/100 g
---	---

Undir þennan flokk falla ostar þar á meðal fastir ostar.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Fastir ostar.
- Blámygluostur.
- Fetaostur.
- Smurostur.
- Lageraður mozzarella.
- Geitaostur.
- Rifinn ostur.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ferskostur.

17. Vörur úr jurtaríkinu að hluta eða öllu leyti, sem notaðar eru notaðar eru á sama hátt og vörur í matvælaflokki 16. Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 17 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki 20% af heildarfituinnihaldi vörunnar - salt að hámarki 1,5 g/100 g
---	---

Undir þennan flokk falla vörur sem eru álíka og ostar en mjólkurfitunni hefur verið skipt út fyrir jurtaolíu. Andstætt við vörurnar í matvælaflokki 16 þá er sett skilyrði um mettaðar fitusýrur.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ostlíki (vara úr jurtaríkinu að hluta eða öllu leyti).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Tofu.

18. Ferskostar og svipaðar vörur. Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.	<ul style="list-style-type: none"> - fita að hámarki 5 g/100 g - viðbættar sykurtegundir að hámarki 1 g/100 g - salt að hámarki 0,9 g/100g
--	---

Undir þennan flokka falla ferskostar og álíka vörur. Með ferskosti er átt við ost sem hægt er að neyta strax án nokkurrar þroskunar eða lagringar.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Kotasæla.
- Smyrjanlegur ferskostur.
- Ferskur mozzarella.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Blámygluostur.
- Smurostar.

Matvælaflokkar 19-20: Fita, fitublöndur og olíur

19. Fita og fitublöndur til matargerðar. Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.	<ul style="list-style-type: none"> - Fita að hámarki 80 g/100 g - mettaðar fitusýrur að hámarki 33% af heildarfituinnihaldi vörunnar - salt að hámarki 1,1 g/100 g
--	---

Undir þennan flokk fellur matarfitu og fitublöndur, sem eru ekki fljótandi. Undir flokkinn falla vörur sem falla undir reglugerð EB nr. 1308/2013 um sameiginlegan markað fyrir landbúnaðarvörur og um sérstök ákvæði um ákveðnar landbúnaðarvörur, sbr. 78. grein og viðauka VII um smyrjanlega fitu og sambærilegar vörur. Sjá skilgreiningu í grein 2.2.3.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Smjörlíki, fast.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Olíur.
- Fljótandi smjörlíki.
- Salatsósúr.
- Majónes.

20. Matarolíur, fljótandi fita og fljótandi fitublöndur til matargerðar. Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.	<ul style="list-style-type: none"> - mettaðar fitusýrur að hámarki 20% af heildarfituinnihaldi vörunnar - salt hámark 1 g/100 g
--	---

Í þessum flokki er eingöngu skilyrði um mettaðar fitusýrur, en ekki heildarmagn fitu (mettaðar og ómettaðar fitusýrur). Andstætt vörum sem falla undir flokk 19 eru skilyrðin hér fyrir mettar fitusýrur að hámarki 20% af heildarfituinnihaldi.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Repjuolía, ólívuolía, sólblómaolía, maísolía.
- Fljótandi smjörlíki.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Smjörlíki á föstu formi til steikinga og baksturs.
- Pálmaolía.
- Kókosfita.

Matvælaflokkar 21-22: Lagarafurðir og vörur úr lagarafurðum

21 Lagarafurðir og lifandi samlokur. Vörurnar geta verið tilreiddar.
--

Í flokk 21 falla lagarafurðir (saltvatns- og ferskvatns dýr) og lifandi samlokur (t.d. kræklingar). Dýrin geta verið hvort sem er villt eða ræktuð. Allir ætir hlutir, hlutar og vörur úr framangreindu falla hér undir.

Vörurnar mega vera tilreiddar. Samkvæmt skilgreiningu á tilreiðingu á þessum vörum (sjá grein 2.2.2.) er átt við að vörurnar geta verið hreinsaðar, hausaðar, sundurskornar, flakaðar og hakkaðar. Vörur sem falla undir flokk 22 mega ekki vera forunnar.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Nýr fiskur.
- Laxaflök, þorskhnakkar.
- Hakkaður fiskur.
- Hrogn.
- Fisklifur.
- Lifandi kræklingar.
- Skeldýr s.s. rækjur og fleira.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Reyktur, grafinn eða saltaður fiskur.
- Fiskur í raspi.
- Niðursoðnar rækjur eða soðnar rækjur.
- Harðfiskur.
- Saltfiskur.

22. Vörur sem eru framleiddar úr a.m.k. 50% af unnum lagarafurðum. Vörunar mega innihalda sósu eða lög. Hundraðshlutinn og skilyrðin gilda umþann hluta vörunnar sem er ætlaður til neyslu. Varan má vera brauðhúðuð ef tilreiðsla samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans hefur ekki í för með sér að fitu sé bætt við vöruna.

Vörur sem falla undir 22 flokk geta t.d. verið hitaðar, reyktar, saltaðar, gerjaðar, þurrkaðar eða marineraðar.

Vörunar geta verið brauðhúðaðar. Um brauðhúðaðar vörur gildir að tilreiðsla samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans má ekki gera ráð fyrir að fitu sé bætt við vöruna.

Mismunandi skilyrði fyrir saltinnihald skilur á milli undirflokka undir flokk 22. Skilyrði fyrir magn annarrar fitu, fiskifitu og sykurtegundir eru þau sömu í flokkunum 22a)-22d). Flokkur 22a) er aðalflokkur fyrir lagarafurðir. Gerð er krafa um að allar vörur sem falla undir flokk 22 séu framleiddar úr a.m.k. 50% lagarafurðum.

22 a) Vörur úr lagarafurðum og sem falla ekki undir flokka 22 b-d.	<ul style="list-style-type: none"> - fita önnur en fiskfita að hámarki 10 g/100 g - sykurtegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 1,5 g/100 g
--	---

Flokkur 22a) er almennur flokkur fyrir lagarafurðir.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Fiskbollur.
- Fiskgratín.
- Fiskur í raspi.
- Þorskahrogn (í dós).
- Nætursaltaður fiskur.
- Laxakæfa (pate).
- Fiski- og skeldýrasalöt.
- Makrill í tómarksósu.
- Sardínur í dós.
- Túnfiskur í vatni í dós.
- Niðursoðnar rækjur.
- Soðnar rækjur.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Túnfiskur í olíu í dós (olían í vörunni gerir það að verkum að ekki er hægt að uppfylla skilyrði fyrir magn af fitu).

22 b) Áleggsvörur, sneiddar.	<ul style="list-style-type: none"> - fita önnur en fiskfita að hámarki 10 g/100 g - sykurttegundir að hámarki hámark 5 g/100 g - salt að hámarki 2,5 g/100 g
------------------------------	---

Vörur í flokki 22b) er ætlaðar sem álegg og eru því í sneiðum. Við framleiðslu þeirra má hakka eða skera háefnið og bæta við t.d. matarlími, kryddi, grænmeti eða öðrum hráefnum.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Lax í sneiðum ætlaður sem álegg.
- Sneiddar áleggsvörur sem eru ekki reyktar eða grafnar.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Heil flök, skorin í sneiðar, af reyktum lax, urriða eða sambærilegum vörum.
- Heitreykt fisklagmeti sem er ekki í sneiðum.
- Kaldreykt fisklagmeti sem er ekki í sneiðum.
- Makrill í tómat, kavíar og aðrar áleggsvörur sem eru ekki í sneiðum.

22 c) Reyktur eða grafinn fiskur.	<ul style="list-style-type: none"> - fita önnur en fiskfita að hámarki 10 g/100 g - sykurttegundir að hámarki 5 g/100 g - salt að hámarki 3 g/100 g
-----------------------------------	--

Vörurnar í þessum flokki skulu innihalda reyktan eða grafinn fisk Vörurnar geta verið í heilum stykkjum, eða skorin í sneiðar. Í þessum flokki er eingöngu fiskur ekki aðrar lagarvörur.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Reyktur lax.
- Grafinn lax.
- Heitreyktur makrill.
- Kaldreyktur makrill.
- Heitreykt fiskiflak.
- Kaldreykt fiskiflak.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Fiskur sem er hvorki reyktur né grafinn.
- Skeldýr.

22 d) Kavíar og annað fisklagmeti.	<ul style="list-style-type: none"> - fita önnur en fiskfita að hámarki 10 g/100 g - sykurttegundir að hámarki 5 g/100 g - salt, að hámarki 3 g/100 g
------------------------------------	---

Undir þennan flokk fellur kavíar og annað fisklagmeti. Áleggsvörur geta einnig fallið hér undir.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Kavíar.
- Marineraður fiskur.
- Ansjósur í krukku.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Niðursoðinn fiskur s.s. makrill í tómát og túnfiskur í dós.
- Niðurlagðar lagarvörur sem flokkast ekki sem fiskur s.s. skeldýr.

Matvælaflokkar 23-24: Kjöt og vörur sem innihalda kjöt

23. Kjöt sem er óunnið.	- fita að hámarki 10 g/100 g
-------------------------	------------------------------

Undir þennan flokk falla nokkrar tegundir af kjötvörum sem eru ekki unnar.

Samkvæmt skilgreiningu á óunninni vöru má varan vera stykkjuð, hlutuð sundur, sneidd, úrbeinuð, hökkuð, flegin, mulin, skorin, hreinsuð, snyrt, afhýdd, möluð, kæld, fryst, djúpfryst eða pídd. Bent er á skilgreiningu á kjöti og óunnum vörum í grein 2.2.1. og viðauka 1 við þessar leiðbeiningar.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hráar lundir af lömbum, svínum, nautum, kjúklingum og öðrum alifuglum, villibráð o.s.frv.
- Hráar steikur af lömbum, svínum, nautum, kjúklingum og öðrum alifuglum, villibráð o.s.frv.
- Hráar kótelettur/kambur af lömbum, svínum, nautum, kjúklingum og öðrum alifuglum, villibráð o.s.frv.
- Hrá lifur og annar innmatur úr lömbum, svínum, nautum, kjúklingum og öðrum alifuglum, villibráð o.s.frv.
- Hrátt kjöthakk úr lömbum, svínum, nautum, kjúklingum og öðrum alifuglum, villibráð o.s.frv.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Vörur sem eru marineraðar eða vökva bætt við.
- Kjöt þar sem fita er meiri en 10%.
- Steikt/soðið kjöt.

24. Kjöt og vörur sem innihalda kjöt.

Að minnsta kosti 50% af vörunni skal vera framleitt úr kjöti, korntegundum (100% heilkorn), grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávöxtum.

Kjötinnihaldið má þó ekki vera minna en 20% af vörunni. Þessi krafa gildir þó ekki um lifrarkæfu þar sem varan skal vera framleidd úr a.m.k. 35% af kjöti.

Varan má innihalda sósu eða lög. Hundraðshlutinn og skilyrðin gilda um þann hluta vörunnar sem er ætlaður til neyslu.

Varan getur verið brauðhúðuð ef tilreiðsla samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans hefur ekki í för með sér að fitu sé bætt við vöruna.

Að minnsta kosti 50% af vörunum skal vera framleitt úr kjöti (t.d. nautgripa, hrossa, svína, sauðfés, geita, alifuga, villibráðar), korntegundum (100% heilkorn), grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávöxtum. Kjötinnihaldið má þó ekki vera minna en 20% af vörunni.

Sjá skilgreiningu á kjöti í grein 2.2.1. og viðauka við þessar leiðbeiningar.

Vörurnar mega innihalda sósu eða lög. Ef ekki er gert ráð fyrir að sósan eða lögurinn séu til neyslu er heimilt að taka magn þeirra ekki með í útreikninga á prósentu af kjöti, kornvörum, grænmeti, belgjurtum og rótarávöxtum í vörinni.

Varan getur verið brauðhúðuð ef tilreiðsla samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans hefur ekki í för með sér að fitu sé bætt við vöruna.

Skilyrði fyrir salt og sykurttegundir/viðbættar sykurttegundir eru mismunandi í undirflokkum í matvælaflokk 24. Skilyrði fyrir fitu er þau sömu.

24. a) Hráar vörur úr heilum eða niðurskornum kjötstykkjum sem eru lögð í kryddlög eða krydduð.	- fita, að hámarki 10 g/100 g - sykurttegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 1,0 g/100 g
- Fyrir sprautusaltaðar vörur.	- fita, að hámarki 10 g/100 g - sykurttegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 0,5 g/100 g

Vörurnar í þessum flokki eru hráar, úr heilum eða niðurskornum kjötstykkjum sem geta verið brauðhúðuð, sprautusöltuð, lögð í kryddlög og krydduð. Með orðunum „lögð í kryddlög“ er átt við að leggja kjötið í vökva með bragðgefandi efnum í þeim tilgangi að afurðin taki í sig bragð eða meyrni.

Vakin er athygli á að það eru sérstök skilyrði um saltmagn í sprautusöltuðum vörum þar sem ekki er bara stráð salti eða öðrum kryddum á yfirborðið. Vörur sem eru tromlusaltaðar falla aftur á móti undir flokkinn með skilyrði fyrir saltmagni að hámark 1,0 g/100 g. Um vörur sem eru bæði saltaðar á yfirborði og sprautusaltaðar gilda sömu skilyrði og fyrir yfirborðssöltun þ.e. salt hámark 1,0 g/100 g.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Hrá marineruð filet og steikur meðal annars af lömbum, svínunum, nautum og kjúklingum t.d. barbecuemarinerað kjúklingafilet.
- Hrá krydduð filet, steikur og skinka meðal annars af lömbum, svínunum, nautum og kjúklingum t.d. piparbuff.
- Hrá sprautusöltuð filet og steikur meðal annars af lömbum, svínunum, nautum og kjúklingum t.d. sprautusaltað kjúklingafilet (vakin er athygli á að það eru sérstök skilyrði fyrir salt í þessum vörum þ.e. hámark 0,5 g/100 g).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Steiktar/soðnar vörur t.d. af lömbum, svínunum, nautum og kjúklingum.
- Hakkað kjöt af lömbum, svínunum, nautum og kjúklingum.

24. b) Hráar vörur eða vörur tilbúna til neyslu sem innihalda hakkað kjöt.	- fita, að hámarki 10 g/100 g - viðbættar sykurttegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 1,7 g/100 g
- Fyrir pylsur	- fita, að hámarki 10 g/100 g - viðbættar sykurttegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 2,0 g/100 g

- Fyrir áleggspylsur	- fita, að hámarki 10 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 2,2 g/100 g
- Fyrir hakkað kjöt sem einungis vatni og salti er bætt í.	- fita, að hámarki 10 g/100 g - sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 1,0 g/100 g

Vörurnar geta verið hráar, loftþurrkaðar, gerjaðar, steiktar eða soðnar og fleira.

Hakkaða kjötið getur verið blandað með korntegundum (100% heilkorn), grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávöxtum. Þessi innihaldsefni ásamt kjötinu skulu vera a.m.k. 50% heildarþyngd vörunnar. Hakkaða kjötið má þó ekki vera minna en 20% af vörunni. Vakin er athygli á að sett eru skilyrði um að í lifrarkæfu sé að minnsta kosti 35% kjöt.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að í flokknum eru fjórar mismunandi vörutegundir og mismunandi skilyrði eru um hámark af salti fyrir hverja tegund fyrir sig. Skilyrði um salt að hámarki 1,7 g/100 g gildir um þær vörur í þessum flokki sem eru ekki pylsur, áleggspylsur né hakkað kjöt sem einungis vatni og salti er bætt í.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Lifrarkæfa og aðrar kæfur og pate.
- Buff úr kjöti og rótarávöxtum.
- Pylsur úr kjöti, grænmeti eða belgjurtum.
- Kjötbollur og aðrar farsvörur.
- Hrá og soðin medisterpylsa.
- Blóðmör.
- Vínarpylsur, kjúklingapylsur og fleiri pylsur salt að hámarki 2 g/100 g).
- Kjötpylsur, reykt medisterpylsa, malakoff og hliðstæðar vörur (salt að hámarki 2,2 g/100 g).
- Hakkað kjöt með viðbættu salti og vatni (salt að hámarki 1 g/100 g).
- Hakkað kjöt með grænmeti eða belgjurtum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Áleggsvörur úr heilum kjötstykki t.d hangikjöt, hamborgarahryggur og skinka.

24 c) Vörur, tilbúnar til neyslu eða reykta, sem innihalda heil kjötstykki eða niðurskorið kjöt og sem falla ekki undir matvælaflokk 24 b).	- fita, að hámarki 10 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 2,0 g/100 g
- Fyrir áleggsvörur	- fita, að hámarki 10 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 2,5 g/100 g

Vörurnar í þessum flokki geta verið reykta eða tilbúnar til neyslu t.d. þurrkaðar, gerjaðar, steiktar eða soðnar.

Saman við kjötið getur verið blandað korntegundum (100% heilkorn), grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar) eða rótarávöxtum. Þessi innihaldsefni ásamt kjötinu skulu vera a.m.k. 50% heildarþyngd vörunnar. Kjötið má þó ekki vera minna en 20% af vörunni.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að í flokknum eru tvær mismunandi vörutegundir og sérstök skilyrði eru um hámark af salti fyrir hvora tegund fyrir sig. Önnur skilyrði þ.e. um fitu og sykurtegundir eru þau sömu fyrir báðar vörutegundirnar. Skilyrði um salt að hámarki 2,0 g/100 g gildir um þær vörur í þessum flokki sem eru ekki áleggsvörur.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Skinkusteik.
- Hamborgarahryggur soðinn og reyktur.
- Heilsteikt roastbeef.
- Hangikjöt.
- Steiktur svínabógur.
- Reykt og/eða soðin skinka.
- Álegg úr heilum kjötstykjum/niðurskornu kjöti t.d. hamborgarahryggur, skinka, reykt file og sambærilegar vörur (salt að hámarki 2,5 g/100 g).
- Mógur áleggssalöt.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Áleggspylsur sem falla undir flokk 24b) t.d. kjötpylsa.

Matvælaflokkur 25: Vörur að hluta eða öllu leyti úr jurtaríkinu

<p>25. Vörur að hluta eða öllu leyti úr jurtaríkinu, sem notaðar eru á sama hátt og lagar- og kjötafurdur í matvælaflokkum 22 og 24. Varan má ekki innihalda kjöt eða lagarafurdur. Varan skal samanstanda af a.m.k. 50% af korntegundum (100% heilkorn), grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða próteini (ekki dýraprótein). Varan getur innihaldið sósu eða lög. Hundraðshlutinn og skilyrðin gilda um þann hluta vörunnar sem er ætlaður til neyslu. Varan má vera brauðhúðuð ef tilreiðsla samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans hefur ekki í för með sér að fitu sé bætt við vöruna.</p>	
25 a) Fyrir sneiddar áleggsvörur	<ul style="list-style-type: none"> - fita, að hámarki 10 g/100 g - mettaðar fitusýrur, að hámarki 3,5 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 1,5 g/100 g
25 b) Fyrir aðrar vörur í matvælaflokki 25	<ul style="list-style-type: none"> - fita, að hámarki 10 g/100 g - mettaðar fitusýrur, að hámarki 3,5 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 1,0 g/100 g

Vörurnar í þessum flokki eru vörur úr jurtaríkinu sem eru notaðar eins og fisk- og kjötvörur (flokkar 22 og 24). Vörurnar geta innihaldið t.d. mjólkurvörur og egg, en skulu innihalda að minnsta kosti 50% korntegundir (100% heilkorn), grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtir (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávexti eða prótein sem koma ekki úr dýraríkinu. Prótein sem koma ekki úr dýraríkinu geta t.d. verið hveitiprótein, sojaprótein, sveppaprótein og baunaprótein. Vörurnar mega innihalda prótein úr mjólk eða eggjum, en ekki önnur dýraprótein t.d. matarlím.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að í flokknum eru tvær mismunandi vörutegundir og sérstök skilyrði eru um hámark af salti fyrir hvora tegund fyrir sig. Önnur skilyrði þ.e. um fitu, mettaðar fitusýrur og viðbættar sykurtegundir eru þau sömu fyrir báðar vörutegundirnar. Skilyrði um salt að hámarki 1,0 g/100 g gildir um þær vörur í þessum flokki sem eru ekki áleggsvörur.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Tofu.
- Pylsur úr t.d. quorn kjötlíki og belgjurtum.
- Kæfur úr grænmeti og e.t.v. að viðbættum eggjum og mjólk.
- Áleggsvörur úr jurtaríkinu eða áleggsvörur úr grænmeti ásamt próteinum, sem koma ekki úr dýraríkinu, og innihalda egg og mjólk.
- Buff úr belgjurtum og kartöflum.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Ratatouille.

Matvælaflokkar 26-30: Tilbúnir réttir

Undir flokka 26-30 falla allir tilbúnir réttir sem heimilt er að merkja með Skráargatinu. Það er rétturinn í heild sinni sem heimilt er að merkja, ekki einstaka hráefni sem í honum eru. Skilyrði sem gerð eru fyrir flokkana skulu einnig vera uppfyllt þegar rétturinn hefur verið tilreiddur samkvæmt þeim leiðbeiningum sem fram koma á pakkanum.

Undir flokk 26 falla tilbúnir réttir sem samanstanda af þremur hráefnum þ.e. grænmeti, próteinhluta og kolvetnahluta en í flokki 27 eru tilbúnir réttir með einum eða tveimur hráefnum þ.e. grænmeti og e.t.v. próteinhluta eða kolvetnahluta.

Undir flokk 28 falla hálfmánar (poroger), pítsur, vorrúllur og bökur, aðrar en eftirrétur og svipaðar vörur en í flokk 29 er smurbrauð, samlokur, vefjur og svipaðar vörur. Í flokki 30 eru súpur.

Í flokkum 26 og 27 eru skilyrði um að varan skuli innihalda próteinhluta. Belgjurtir geta bæði verið próteinhluti vörunnar og grænmetishluti að því gefnu að skilyrði fyrir grænmeti séu uppfyllt.

Engin skilyrði eru sett um magn af tilbúnum réttum. Þannig geta tilbúnir réttir ýmist verið ætlaðir mörgum eða vera einungis lítil máltíð. Mikilvægast er að í tilbúnu réttunum séu skilyrði fyrir viðkomandi matvælaflokk uppfyllt.

Um útreikninga á þurrkuðum og konsentruðum innihaldsefnum er vísað til almennra leiðbeininga í grein 2.2.4.

<p>26. Tilbúnir réttir með grænmeti, próteinhluta og kolvetnahluta.</p> <p>Tilbúnir réttir með:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) a.m.k. 28 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g af vöru, 2) próteinhluta og 3) kolvetnahluta, og sem falla ekki undir matvælaflokka 27, 28, 29 eða 30. <p>Ef kolvetnahluti réttarins inniheldur korntegundir skal hann uppfylla kröfuna varðandi heilkorn sem er tilgreind í þeim matvælaflokki sem á við fyrir kolvetnahlutann.</p> <p>Ef glútenlaust pasta er notað í réttinn skal það vera í samræmi við kröfuna varðandi trefjar í matvælaflokki 10.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - mettaðar fitusýrur að hámarki 1,8 g/100g - viðbættar sykurtegundir að hámarki 3 g/100 g - salt að hámarki 0,8 g/100 g
--	---

Undir flokk 26 falla tilbúnir réttir sem samanstanda af þremur hlutum þ.e. próteinhluta (t.d. kjöt, alífuglar, fiskur, egg eða belgjurtir), kolvetnahluta (t.d. brauð, kartöflur, hrísgrjón, pasta eða kúskús) og hluta grænmetis, ávaxta og/eða berja. Belgjurtir geta verið próteinhluti vörunnar ef magn belgjurta reiknast ekki með til að uppfylla skilyrði um ákveðið magn af grænmeti.

Kolvetnahlutur réttarins (t.d. brauð, kartöflur, hrísgrjón, pasta eða kúskús) skal uppfylla kröfuna varðandi heilkorn sem er tilgreind í þeim matvælaflokki sem á við fyrir kolvetnahlutann. Ef kolvetnahlutur í rétti er t.d. pasta skal pastað uppfylla þau skilyrði um heilkorn sem fram koma í fæðuflokki 10.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Pasta bolognese með grænmeti.

- Kjötballur með kartöflumús, grænmeti og sósu.
- Fyllt pasta (t.d. ravioli) með rækjum og grænmeti.
- Fylltar pönnukökur með t.d. hrísgrjónum, grænmeti og kjöti.
- Fiskigratín með kartöflumús, grænmeti og sósu.
- Kjúklingabringa í sósu með hýðishrísgrjónum og grænmeti.
- Grænmetisbuff með kartöflum og sósu.
- Bixímatur með nauta og/eða svínakjöti.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Smurt brauð.
- Hálfmánar (piroger), pítsur o. fl.
- Súpur.
- Pönnukökur með sultu.

<p>27. Tilbúnir réttir með grænmeti og e.t.v. með próteinhluta eða kolvetnahluta:</p> <p>1) a.m.k. 50 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g af vöru ásamt e.t.v.</p> <p>2a) próteinhluta eða 2b) kolvetnahluta</p> <p>Ef kolvetnahluti réttarins inniheldur korntegundir skal hann uppfylla kröfuna varðandi heilkorn sem er tilgreind í þeim matvælaflokki sem á við fyrir kolvetnahlutann.</p> <p>Ef glútenlaust pasta er notað í réttinn skal það vera í samræmi við kröfuna varðandi trefjar í matvælaflokki 10.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - mettuð fita, að hámarki 1,5 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 0,8 g/100 g
---	--

Undir flokk 27 falla tilbúnir réttir með a.m.k. 50 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g af vöru ásamt e.t.v. annað hvort próteinhluta (t.d. kjöt, alifuglakjöt, fiskur, egg eða belgjurtir) eða kolvetnahluta (t.d. brauð, kartöflur, hrísgrjón, pasta eða kúskús).

Ef tilbúni rétturinn inniheldur kolvetnahluta t.d. pasta þá skal pastað uppfylla þau skilyrði um heilkorn sem fram koma í fæðuflokki 10. Sjá skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Tilbúnir réttir úr grænmeti og kjúklingabaunum.
- Spergilkálsgratín.
- Fiskur með grænmeti.
- Rótarávaxtagratín.
- Matarsalat.
- Grænmetissalat með ferskum eða þurrkuðum ávöxtum.
- Grænmetislasagna
- Tilbúnir réttir með ávöxtum og grænmeti

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Kartöflugratín.
- Grænmetisblöndur t.d. ratatouille.

<p>28. Hálfmálar (píroger), pítsur, vorrúllur og bökur, aðrar en eftirréttil og svipaðar vörur.</p> <p>Varan skal innihalda a.m.k. 28 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g.</p> <p>Ef varan inniheldur kornhluta skal hann innihalda a.m.k. 30% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.</p> <p>Ef varan inniheldur a.m.k. 50 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g skal kornhluti vörunnar, sé hann til staðar, innihalda a.m.k. 15% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.</p> <p>Ef kornhlutinn er glútenlaus er þó gerð krafa um að heilkorn séu 10%, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - mettaðar fitusýrur, að hámarki 2,0 g/100 g. - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 1,0 g/100 g
---	--

Ef varan inniheldur kornhluta (t.d. pítsabotn, tertubotn, deig í vorrúllur eða hálfmána) skal hann innihalda a.m.k. 30% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans. Kornhlutinn t.d. pítsabotn skal því innihalda a.m.k. 30% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi pítsabotsins. Skilyrði þetta um innihald af heilkorni er sambærilegt við skilyrði um heilkorn í matvælaflokki 8a). Sjá skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5. Ef vara inniheldur a.m.k. 50 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g er eingöngu gerð krafa um að kornhluti vörunnar, sé hann til staðar, sé a.m.k. 15% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Baka með skinku, spergilkáli og osti.
- Kjöt og grænmetishálfmálar.
- Heilhveitipítsa með grænmeti.
- Vorrúllur.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Pönnukökur.
- Terubotnar.
- Eftirrétta tertur.
- Pítabrauð/vefjur.

<p>29. Smurbrauð, samlokur, vefjur og svipaðar vörur. Varan skal innihalda a.m.k. 25 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g.</p> <p>Ef varan inniheldur kornhluta skal hann innihalda a.m.k. 30% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.</p> <p>Ef varan inniheldur a.m.k. 50 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g skal kornhluti vörunnar, sé hann til staðar, innihalda a.m.k. 15% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.</p> <p>Ef kornhlutinn er glútenlaus er þó gerð krafa um að heilkorn séu 10%, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - mettaðar fitusýrur, að hámarki 2,0 g/100 g. - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 0,9 g/100 g
--	--

Ef varan inniheldur kornhluta t.d. rúgbrauð, samlokubrauð eða vefju, skal hann innihalda a.m.k. 30% af heilkorni, reiknað út frá þurrefnisinnihaldi kornhlutans. Kornhlutinn t.d. samlokubrauð skal því innihalda a.m.k. 30% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi samlokubrauðsins. Skilyrði þetta um innihald af heilkorni er sambærilegt við skilyrði um heilkorn í matvælaflokki 8a).

Sjá skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan flokk:

- Pítabrauð/vefjur með fiski eða kjöti og grænmeti.
- Pítabrauð/vefjur með grænmeti.
- Langloka með fiski eða kjöti og grænmeti.
- Langloka með grænmeti.
- Hamborgari með brauði og grænmeti.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þenna flokk:

- Pítabrauð/vefjur með fiski eða kjöti en án grænmetis.
- Langloka með kjöti eða fiski en án grænmeti.
- Vöflur án grænmetis.

<p>30. Súpur Varan skal innihalda a.m.k. 35 g af grænmeti (kartöflur ekki meðtaldar), belgjurtum (jarðhnetur ekki meðtaldar), rótarávöxtum eða ávöxtum og berjum í hverjum 100 g.</p> <p>Ef varan inniheldur kornhluta skal hann uppfylla kröfuna varðandi heilkorn í þeim matvælaflokki sem á við fyrir kornhlutann.</p> <p>Ef glútenlaust pasta er notað í réttinn skal það vera í samræmi við kröfuna varðandi trefjar í matvælaflokki 10.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - mettaðar fitusýrur, að hámarki 1,5 g/100 g - viðbættar sykurtegundir, að hámarki 3 g/100 g - salt, að hámarki 0,8 g/100 g <p>Skilyrðin eiga við um vöruna tilbúna til neyslu</p>
---	--

Undir þennan flokk falla súpur með grænmeti og jafnvel kjöti og/eða fiski.

Ef varan inniheldur kornhluta, t.d. brauð, brauðteninga, hrísgrjón eða pasta, skal hann uppfylla kröfuna varðandi heilkorn í þeim matvælaflokki sem á við fyrir kornhlutann. Kornhlutinn t.d. brauð skal því innihalda a.m.k. 30% heilkorn reiknað út frá þurrefnisinnihaldi brauðsins. Skilyrði þetta um innihald af heilkorni er sambærilegt við skilyrði um heilkorn í matvælaflokki 8a).

Ef varan inniheldur hrísgrjón skulu það vera hýðishrísgrjón samanber matvælaflokk 5. Sjá skilgreiningu á heilkorni í grein 2.2.5.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Súpur tilbúnar til neyslu með kjöti, fiski, belgjurtum eða grænmeti, t.d. tómatsúpa, linsusúpa eða fiskisúpa..
- Frosnar súpur t.d. fiskisúpa eða grænmetissúpa.
- Pakkasúpa með grænmeti, sem tilreidd er í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Pottréttir.
- Sósúr.

Matvælaflokkar 31-32: Saltasósúr og sósúr.

<p>31. Salatsósúr úr olíu og ediki. Vörurnar geta verið með viðbættu bragði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - mettaðar fitusýrur, að hámarki 20% af fituinnihaldinu - sykurttegundir, að hámarki 5 g/100 g - salt, að hámarki 0,8 g/100 g
--	---

Undir þennan flokk falla salatsósúr úr olíu og ediki. Flokkurinn nær yfir bæði tilbúnar saltatsósúr og salatsósúr sem tilreiddar eru í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans. Vörurnar mega vera með viðbættu bragði. Einnig er heimilt að bæta við kryddjurtum og öðrum hráefnum (t.d. salti, pipar, hvítlauk, sinnepi) í þeim tilgangi að gefa bragð.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Olíu og edik saltasósa (vinaigrette).
- Frönsk salatsósa (olía, edik, sinnep, hvítlaukur, salt og pipar).

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Salatsósúr sem gerðar eru úr rjóma.
- Salatsósúr úr mjólk.
- Jógurt salatsósúr.
- Majónes salatsósúr.

<p>32. Sósúr með máltíðum (tilbúnar vörur og vörur sem eru tilreiddar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans).</p>	<ul style="list-style-type: none"> - fita, að hámarki 5 g/100 g - mettaðar fitusýrur, að hámarki 33% af fituinnihaldi - sykurttegundir, að hámarki 5 g/100 g - salt, að hámarki 0,8 g/100 g <p>Skilyrðin eiga við um vöruna tilbúna til neyslu.</p>
---	---

Undir þennan flokk falla kaldar og heitar sósúr sem notaðar eru með aðalrétti, hvort sem um tilbúnar vörur er að ræða eða pakkavörur sem tilreiddar eru í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Dæmi um matvörur sem geta fallið undir þennan matvælaflokk:

- Tómatsósa.

- Brún sósa.
- Bechamelsósa.
- Pakkasósa.

Dæmi um matvörur sem geta ekki fallið undir þennan matvælaflokk:

- Salatsósur.
- Súkkulaðisósa.
- Eftirréttasósur.

9. Vörur sem má ekki merkja með Skráargatinu

9.1. Dæmi um vörur, sem má ekki merkja með Skráargatinu

Skráargatsmerking nær almennt til matvara sem geta verið hluti af hollum hversdagsmat. Leiðbeiningar um æskilegt mataræði í norrænum löndum byggir á *Norrænum næringarráðleggingum (2012)*, sem er samstarfsverkefni allra Norðurlandanna.

Ráðleggingarnar eru einnig notaðar sem grundvöllur fyrir Skráargatið, en aðrir þættir eru einnig teknir inn í dæmið við mat á hvaða matvælaflokkar geta fallið undir Skráargatsmerkingu.

Við mat á þeim vörum sem er **ekki** heimilt að merkja með Skráargatinu er meðal annars tekið tillit til eftirfarandi:

- Hvort varan/matvælaflokkurinn getur verið hluti af hollu og fjölbreyttu fæði, en vegna sérstakra ástæðna sé æskilegt að takmarka neyslu vörunnar eða halda henni í því horfi sem hún er (t.d. sveppir, sólblómafræ, fræ).
- Hvort vörunni er beint að ákveðnum hópum en teljist ekki æskileg fyrir aðra hópa (t.d. plöntusterólar í smjörlíki).
- Hvort varan/matvælaflokkurinn getur stuðlað að óæskilegum matarvenjum t.d. að venja börn og aðra á sætt bragð (t.d. sætuefni).
- Hvort varan/matvælaflokkurinn flokkast sem sælgæti eða snakk eða að neytendur líta á vöruna sem slíka.

Framangreint leiðir til þess að eftirtaldar vörur/matvælaflokka má ekki merkja með Skráargatinu (listinn er ekki tæmandi):

- Barnamat.
- Matvæli með viðbættum sætuefnum (aukefnum).
- Matvæli sem í er bætt viðurkenndu nýfæði og ný innihldsefni sem gefa sætt bragð.
- Matvæli sem í er bætt plöntusterólum, plöntusterólesterum, plöntustanolum eða plöntustanólesterum.
- Kökur.
- Snakk t.d. saltaðar hnetur.
- Súkkulaði, brjóstykur og fleira.
- Ís.
- Marmelaði.
- Djúsa og smoothies.
- Gosdrykki og sódavatn.
- Vatn í flöskum.
- Kaffi- og tedrykki.
- Áfenga drykki.
- Þurrmjólk.

- Majónes.
- Kínóa.
- Amaranth.
- Egg.
- Fræ.

10. Matvælaeftirlit

10.1. Heilbrigðiseftirlit sveitafélaga

Heilbrigðiseftirlit sveitafélaga og Matvælastofnun fara með eftirlit með að ákvæðum um að skrágatsmerkingu sé framfylgt og að merkið sé ekki notað til að villa um fyrir neytendum.

Eftirlit með notkun Skráargatsins fer fram með reglubundnu eftirliti, úttektum og/eða eftirlitsverkefnum og felst í:

- Skoðun á vöru og merkingum
- Skjalaskoðun
- Sýnatökum til mælinga

Ef eftirlitsaðili óskar eftir, skal stjórnandi matvælafyrirtækis leggja fram niðurstöður úr faggiltum prófunum sem staðfesta að notkun merkisins sé í samræmi við viðkomandi skilyrði í viðauka II.

Eftirlitsaðilar geta við skjalaskoðun m.a. farið fram á upplýsingar um uppskriftir, hvernig fyrirtækið fékk gildin í næringargildismerkingunni og hvernig það hyggist tryggja og hafa eftirlit með því að merkingarnar séu réttar á vörum. Eftirlitið getur í staðinn fyrir skjalaskoðunina eða til viðbótar við hana tekið sýni af vörum til efnagreininga.

Það eru matvælafyrirtækin sjálf, þ.e. stjórnendur þeirra, sem bera ábyrgð á að farið sé eftir reglunum um Skráargatið. Það felur líka í sér skyldu til að tryggja og hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt.

Við mat á niðurstöðum greininga er stuðst við leiðbeiningar framkvæmdastjórnar EB um vikmörk í næringaryfirlýsingu.

Matvælafyrirtæki skal greiða fyrir eftirlit samkvæmt skrágatsreglugerðinni í samræmi við 25. gr.laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum. Það sama á við um prófun opinberra eftirlitssýna.

Hér eru nokkur dæmi um brot á reglum um Skráargatið:

- Villandi eða röng merking og/eða markaðssetning
- Merkið notað á matvörur sem tilheyra ekki skilgreindum matvælaflokkum
- Vara flokkuð í rangan matvælaflokk
- Rangt útlit merkisins
- Sætuefni notað í skrágatsmerkta matvöru
- Of hátt eða lágt innihald af ákveðnum skilgreindum næringarefnum fyrir matvælaflokkinn

Um brot gegn reglugerðinni fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a-e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

- 1) Reglugerð nr. 333/2021 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla.
- 2) Reglugerð nr. 406/2010 frá 28. apríl 2010 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004.
- 4) Reglugerð nr. 103/2010 frá 22. janúar 2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- 5) Reglugerð nr. 104/2010 frá 25. janúar 2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, auk áorðinna breytinga.
- 6) GUIDANCE DOCUMENT FOR COMPETENT AUTHORITIES FOR THE CONTROL OF COMPLIANCE WITH EU LEGISLATION ON: Regulation (EU) No 1169/2011 of the European Parliament and of the Council of 25 October 2011 on the provision of food information to consumers, amending Regulations (EC) No 1924/2006 and (EC) No 1925/2006 of the European Parliament and of the Council, and repealing Commission Directive 87/250/EEC, Council Directive 90/496/EEC, Commission Directive 1999/10/EC, Directive 2000/13/EC of the European Parliament and of the Council, Commission Directives 2002/67/EC and 2008/5/EC and Commission Regulation (EC) No 608/2004 and Council Directive 90/496/EEC of 24 September 1990 on nutrition labelling of foodstuffs and Directive 2002/46/EC of the European Parliament and of the Council of 10 June 2002 on the approximation of the laws of the Member States relating to food supplements with regard to the setting of tolerances for nutrient values declared on a label.

Viðauki 1 - Skilgreiningar og útskýringar

Eftirfarandi eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem fram koma í reglugerðinni.

Ef hugtökin eru skilgreind í annarri löggjöf eru skilgreiningarnar teknar úr viðeigandi reglugerðum og lögum.

1. Almenn hugtök

Kjöt

Kjöt er skilgreint á eftirfarandi hátt, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 853/2004 (innleidd með reglugerð nr. 104/2010, viðauka I⁵)

Ætir hlutar eftirtalinna dýra, þ.m.t. blóð:

- „Tamin hóf- og klaufdýr“: húsdýr af nautgripakyni (þ.m.t. af ættkvíslunum Bubalus (bufflar) og Bison (vísundar)) og tamin svín, sauðfé, geitur og hófdýr.
- „Alifuglar“: aldir fuglar, þ.m.t. fuglar sem eru ekki taldir til húsdýra en eru aldir sem húsdýr, að strútfuglum undanskildum.
- „Nartarar“: kanínur, hérar og nagdýr.
- „Villt veiðidýr“: – villt hóf- og klaufdýr og nartarar sem og önnur landspendýr sem eru veidd til manneldis og teljast til villtra veiðidýra samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki, þ.m.t. spendýr sem lifa frjáls á aflokuðu svæði líkt og villt veiðidýr og – villtir fuglar sem eru veiddir til manneldis.
- „Alin veiðidýr“: aldir strútfuglar og alin landspendýr nema þau sem um getur í lið 1.2.
- „Lítill, villt veiðidýr“: villtir veiðifuglar og nartarar sem lifa villtir í náttúrunni.
- „Stór, villt veiðidýr“: villt landspendýr sem lifa villt í náttúrunni og falla ekki undir skilgreininguna á litlum, villtum veiðidýrum.

Vinnsla

Vinnsla er skilgreind sem hvers kyns aðgerð sem hefur í för með sér umtalsverða breytingu á upphaflegu afurðinni, þ.m.t. hitun, reyking, söltun, þroskun, þurrkun, kryddlagning, útdráttur eða þrýstimótun eða samsetning þessara aðgerða, sbr. 1. tölul. m), 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 852/2004 (innleidd með reglugerð nr. 103/2010⁴).

Óunnar vörur

Óunnar vörur eru skilgreindar sem matvæli sem hafa ekki verið unnin en kunna að hafa verið stykkjuð, hlutuð sundur, sneidd, úrbeinuð, hökkuð, flegin, mulin, skorin, hreinsuð, snyrt, afhýdd, möluð, kæld, fryst, djúpfryst eða þídd, sbr. 1. tölul. n), 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 852/2004 (innleidd með reglugerð nr. 103/2010⁴).

Unnar vörur

Unnar vörur eru skilgreindar sem matvæli sem fást við vinnslu óunninna afurða. Í þessum afurðum kunna að vera innihaldsefni sem er nauðsynlegt að nota við framleiðslu þeirra eða til að gefa þeim sérstaka eiginleika, sbr. 1. tölul. o), 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 852/2004 (innleidd með reglugerð nr. 103/2010⁴).

Glútenlaust

Heimilt er að nota hugtakið hugtakið „glútenlaust“ við markaðssetningu á matvælum að því tilskildu að glúteninnihaldið fari ekki yfir 20 mg/kg í matvælunum eins og þau eru seld til lokaneytenda.

Glútenlausar vörur skulu uppfylla ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014 frá 30. júlí 2014 um kröfur um miðlun upplýsinga til neytenda um að matvæli séu glútenlaus eða glútenkert (innleidd með reglugerð nr. 68472015)

Laktósafríar vörur og laktósaskertar vörur

Skilgreining á laktósafríum vörum er byggð á Norrænni skýrslu: Nordiske Seminar – og Arbejdsrapporter 1993:557. Samkvæmt þeirri skýrslu mega vörur ekki innhalda meira en 0,01 g laktósa í 100 g af vöru. Laktósafríar vörur eru vörur sem eru sérstaklega framleiddar handa einstaklingum sem eru með laktósaþþol t.d. mjólk sem í hefur verið bætt laktasa til að kljúfa laktósan niður.

Á markaði eru margar vörur þar sem eru laktósaskertar. Þessar vörur falla undir matvælaflokkana 11a), 12a), 13a), 14a) og 15a) að því gefnu að þær uppfylli skilgreiningu á mjólk eða öðrum matvælum innan framangreindra flokka t.d. sýrðum mjólkurvörum.

2. Einstök næringarefni, heilkorn og fleira

Fita

Fita er skilgreind sem heildarlípið, þ.m.t. fosfólípið, sbr. viðauka I við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda.

Með skilyrðinu “fita mest x g/100g” er átt við heildarfituinnihald í vörunni. Með skilyrðinu “viðbætt fita mest x g/100 g” er átt við þá fitu sem bætt er við í framleiðslu vörunnar eða tilreiðslu.

Mettaðar fitusýrur

Mettaðar fitusýrur er skilgreindar fitusýrur án tvítengis, sbr. viðauka I við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda.

Transfitusýrur

Transfitusýrur eru skilgreindar sem fitusýrur með a.m.k. eitt ótengt (þ.e.a.s. rofið af a.m.k. einum metýlenhópi) kolefnis-kolefnis-tvítengi í trans-stöðu, sbr. viðauka I við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda.

Salt

Með salti er átt við jafngildisinnihald af salti reiknað með formúlunni: salt = natríum × 2,5, sbr. viðauka I við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda.

Sykurtegundir

Sykurtegundir eru skilgreindar sem allar einsykrur og tvísykrur sem finnast í matvælum, að fjölkahólum undanskildum, sbr. viðauka I við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda.

Dæmi um einsykrur eru ávaxtasykur, glúkósi og galaktósi. Dæmi um tvísykrur er mjólkursykur, maltósi og sakkarósi.

Í skráargatsreglugerðinni er með sykurtegundum átt við allan sykur í viðkomandi vöru bæði þann sem kann að vera þar frá náttúrunnar hendi og þann sykur sem bætt er við framleiðslu eða tilreiðslu.

Viðbættar sykurtegundir

Undir skilgreininguna viðbættar sykurtegundir falla allir ein- og tvísykrar, sem bætt er í vöruna við framleiðslu. Sykurtegundir sem finnast frá náttúrunnar hendi í hunangi, aldinsafa, aldinþykkni og nektar skilgreinast einnig sem viðbættar sykurtegundir.

Dæmi: Ef sírópi, hunangi, aldinsafa eða aldinþykkni er bætt í við framleiðslu á ávaxtajógúrt, skulu sykurtegundir í þessum vörum einnig reiknast með sem viðbættur sykur.

Ávextir og ber eru stundum notuð til að gefa vörum ávaxtabragð eða breyta áferð til að ná ákveðinni skynjun í munni eða til að auka trefjainnihald. Því þarf að meta í hverju tilfalli fyrir sig hvort markmiðið með því að bæta við ávöxtum eða berjum sé eingöngu að gefa sætt bragð. Ef svo reynist vera skulu sykurtegundir í ávöxtunum og berjunum reiknast með sem viðbættur sykur.

Trefjar

Trefjar eru skilgreindar sem kolvetnafjölliður með þrjár eða fleiri einliðueiningar sem hvorki meltast né frásogast í smáþörmum manna og tilheyra eftirfarandi flokkum:

- ætar kolvetnafjölliður sem eru frá náttúrunnar hendi í matvælum eins og þeirra er neytt.
- ætar kolvetnafjölliður sem eru unnar úr matvælahráefnum með eðlisfræðilegum aðferðum, aðferðum þar sem ensím eru notuð eða efnafræðilegum aðferðum og sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif sem hafa verið staðfest með niðurstöðum úr almennt viðurkenndum rannsóknum.
- tilbúnar, ætar kolvetnafjölliður sem hafa jákvæð, lífeðlisfræðileg áhrif sem hafa verið staðfest með niðurstöðum úr almennt viðurkenndum rannsóknum, sbr. viðauka I við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda.

3. Aðrar skilgreiningar á hugtökum

Blansera

Að blansera er að hella sjóðandi vatni yfir matvæli og láta það standa í nokkrar mínútur eða sjóða matvöruna í eitt augnablik. Blansering felur í sér stutta upphitun upp að hitastigi nálægt suðupunkti. Þessari aðferð er t.d. beitt áður en grænmeti er fryst. Markmiðið er að óvirkja hvata (ensím) sem myndu ella eyðileggja vörunar.

Brauðhúðun

Brauðhúðun er þegar matvælum er fyrir steikingu velt upp úr eggjum og raspi, hveiti eða einhverju álíka.

Þurrkaðir, varðveittir efnisþættir og fleira

Fyrir einstök matvæli eru ákveðin skilyrði fyrir hversu mikið afurðin skal innihalda af grænmeti, ávöxtum og berjum.

Ef notaðar eru vörur sem hafa farið í gegnum vinnsluferli sem eykur geymsluþol þeirra t.d. afurðir sem eru þurrkaðar, konsentraðar eða niðurlagðar/niðursoðnar, skal hlutur þessara afurða í lokaafurðinni reiknast út frá tilsvarendi magni í ferskri vöru.

Vörur úr jurtaríkinu

Með vörum úr jurtaríkinu er átt við að í vörunni sé enginn efnisþáttur úr dýrrikinu, þar með talið aukefni sem bætt er í vöruna.

Viðauki 2 - Grafísk hönnun skrárgatsins

Skrárgatið skal prenta með grænum eða svörtum lit. Merkingin er sú sama hvort sem liturinn er grænn eða svartur. Á heimasíðu Matvælastofnunar eru ýtarlegri upplýsingar um grafíska hönnun merkisins og notkun þess.

<https://www.mast.is/is/matvaelafyrirtaeki/merkingar/skraargatid>

